



**BS ritgerð
í viðskiptafræði**

Að sjá ekki skóginn fyrir trjánnum
Leiðir til bættra upplýsinga í ársreikningum

Laufey Ebba Eðvarðsdóttir

Leiðbeinandi: Bjarni Frímánn Karlsson, Lektor
September 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Að sjá ekki skóginn fyrir trjánnum
Leiðir til bættra upplýsinga í ársreikningum

Laufey Ebba Eðvarðsdóttir

Lokaverkefni til BS-prófs í viðskiptafræði
Leiðbeinandi: Bjarni Frímánn Karlsson, lektor

Viðskiptafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
September 2017

Að sjá ekki skóginn fyrir trjánnum.

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BS-prófs við
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2017 Nafn Laufey Ebba Eðvarðsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2017

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga lokaverkefni til BS prófs í viðskiptafræði, með áherslu á reikningshald, við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi verkefnisins var Bjarni Frímann Karlsson og vil ég þakka honum kærlega fyrir aðstoðina.

Einnig vil ég þakka Margréti Pétursdóttur fyrir aðstoðina við efnisval.

Útdráttur

Megintilgangur reikningsskila er að veita fjárfestum gagnsæjar, sannar og tímanlegar upplýsingar um fjárhagslega stöðu fyrirtækja. Í fjölda ára hefur verið rætt um vandamál við upplýsingagjöf reikningsskila fyrirtækja. Bent hefur verið á að svo mikið af upplýsingum sé í reikningsskilum að ekki sé með góðu móti hægt að koma auga á þær upplýsingar sem máli skipta. Einnig hefur verið gagnrýnt að ekki séu allar upplýsingar sem birtar eru viðeigandi og að nokkuð vanti uppá að upplýsingar séu settar fram með nægjanlega skýrum hætti.

Mikið hefur verið skrifað um þróun reikningsskila og eru flestir hagsmunaaðilar sammála um að vandamál sé til staðar. Í þessari ritgerð verður fjallað um fræðileg skrif og rannsóknir um málefnið. Alþjóðlega reikningsskilaráðið hefur gefið það út að áhersla þess á komandi árum muni vera á að bæta upplýsingagjöf í reikningsskilum. Vinnur ráðið nú að nokkrum stórum verkefnum sem öll hafa þann tilgang að bæta þá upplýsingagjöf sem fyrirtæki setja fram í reikningsskilum sínum. Í einu af verkefnum er áherslan á skýringahluta reikningsskila og í öðru að hinum eiginlegu fjárhagsyfirlitum, yfirliti yfir heildarafkomu, efnahagsreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og yfirliti um breytingar á eigin fé. Verður nánar fjallað um þessi verkefni í ritgerðinni ásamt verkefni bandaríska reikningsskilaráðsins.

Höfundar reikningsskila geta sjálfir leitað ýmissa leiða til að bæta upplýsingagjöf reikningsskila sinna. Dæmi um leiðir er að huga að uppsetningu skýringa og farið verður yfir það hvernig hægt er að raða skýringum innan reikningsskila til að bæta upplýsingagjöf. Einnig verður farið yfir hvernig höfundar reikningsskila geta nýtt sér tækni til þess að leiðbeina lesendum lestur ársreikninga sinna.

Við lestur á íslenskum ársreikningum kom í ljós að lengd ársreikninga íslensku bankanna hefur aukist mikið á milli þeirra ára sem skoðuð voru. Ljóst er að ofgnótt upplýsinga er í reikningsskilum sem vinna þarf bætur á. Þarf það að gerast með sameiginlegu átaki allra þeirra sem koma að reikningsskilum um að bæta upplýsingagjöf svo hefðbundin reikningsskil haldi notagildi sínu í viðskiptaheiminum.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	9
2	Fræðileg umfjöllun	10
3	Verkefni höfunda reikningskilareglna	17
3.1	Verkefni Alþjóðlega reikningskilaráðsins	17
3.1.1	Skýringaverkefnið (e. Disclosure initiative).....	19
3.1.1.1	Endurbætur á IAS 1	20
3.1.1.2	Endurbætur á IAS 7	20
3.1.1.3	Meginreglur skýringa (e. Principals of disclosure)	21
3.1.1.4	Endurskoðun skýringa frá sjónarhorni staðlanna (e. standards level review of disclosures) 24	
3.1.1.5	Mikilvægi (e. Materiality)	25
3.1.2	Meginfjárhagsskýrslur (e. Primary financial statements)	28
3.1.3	Flokkun (e. Taxonomy)	29
3.2	Verkefni bandaríska reikningskilaráðsins (e. FASB)	30
4	Leiðir fyrirtækja til að bæta upplýsingagildi og notkun ársreikninga	31
4.1	Hugað að skýringum	31
4.2	Skipulag ársreikninga.....	33
4.3	Notkun óhefðbundinna frammistöðumælinga	35
4.4	Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	36
5	Ársreikningar íslenskra fyrirtækja	39
6	Lokaorð	43
	Heimildaskrá	45
	Ársreikningar - heimildir	47

Töfluskra

Tafla 1. Reikningsskil Íslandsbanka árin 2009 og 2016.....	39
Tafla 2. Reikningsskil Arion banka (áður Kaupþings) vegna 2008 og 2016	41
Tafla 3. Ársreikningur Eimskipafélags Íslands vegna 2009 og 2016	42

1 Inngangur

Tilgangur reikningsskila er að veita skýrar upplýsingar um fjárhagsstöðu félaga, afkomu og sjóðstreymi. Fjárfestar nota reikningsskil fyrirtækja til að leita upplýsinga um rekstur og fjárhagsstöðu fyrirtækja sem þeir nota síðan sem stuðning við efnahagslegar ákvarðanir.

Á undanförunum áratugum hafa reikningsskil lengst mikið og hafa fjárfestar, auk fleiri hagsmunaaðila, bent á að skilvirkni þeirra fari minnkandi. Hefur verið bent á að það sé svo mikið af upplýsingum í þeim að erfitt sé að meta hvaða upplýsingar skipti raunverulega máli. Fyrir vikið séu sé notagildi ársreikninga að fara minnkandi. Alþjóðlega reikningsskilaráðið, sem gefur út Alþjóðlegu reikningsskilastaðlana hefur sett verkefnið um bættu upplýsingagjöf í forgang á komandi árum.

Til að skoða þessi mál nánar var sett fram rannsóknarspurningin „Hvað er átt við með upplýsingavandanum og hvaða leiðir er hægt að fara til þess að auka gæði reikningsskila?“. Til að svara þessari spurningu verður farið yfir verkefni sem Alþjóðlega reikningsskilaráðið vinnur að til þess að bæta gæði reikningsskila. Einnig verður rannsakað hvernig íslensk fyrirtæki setja upp reikningsskil sín og hvaða aðferðir stór endurskoðunarfélög benda á til að leitast við að auka skilvirkni ársreikninga.

Ritgerðin byggir á heimildum frá alþjóðastofnunum, skýrslum sem endurskoðunar-fyrirtæki og aðrir aðilar hafa gefið út um málefnið, auk annara heimilda. Markmið með skrifum ritgerðarinnar er að útskýra hvað átt er við þegar talað er um upplýsingavandann, hvaða leiðir alþjóðastofnanir eru að skoða til að bæta gæði reikningsskila og hvað fyrirtæki geta sjálf gert til að auka upplýsinga- og notagildi þeirra.

2 Fræðileg umfjöllun

Vandamálið við ofgnótt skýringa (e. Disclosure overload) hefur verið mikið til umræðu þegar talað er um gerð og gagnsemi reikningsskila. Þegar talað er um ofgnótt skýringa er yfirleitt átt við vaxandi lengd og aukið flækjustig reikningsskila. Notendur reikningsskila hafa bent á að hefðbundin reikningsskil séu að verða svo flókin að notagildi þeirra fyrir fjárfesta fari minnkandi. Ársreikningar geti jafnvel snúist upp í andhverfu sína og valdið því að notendur verði minna upplýstir eftir lestur þeirra. Hugtakið „að sjá ekki skóginn fyrir trjánnum“ hefur mikið verið notað til að lýsa vandamálinu. Ekki aðeins hefur lengd og flækustig reikningsskila aukist heldur hefur þróunin einnig verið sú að upplýsingar í reikningsskilum hafa orðið mis viðeigandi (Hughes og Fisher, 2015).

Umræðan um vandamál sem snerta upplýsingagildi reikningsskila er ekki ný af nálinni og hefur það verið rökrætt af ýmsum aðilum, stofnunum og fyrirtækjum í fjölda ára. Sem dæmi má nefna að árið 1994 sagði Ray Groves fyrrum meðeigandi í Ernst & Young að:

Magn upplýsinga í ársreikningum er orðið svo mikið að við höfum dregið úr heildarvirði upplýsingagjafarinnar. Er þetta yfirþyrmandi fyrir notendur. Þeir finna ekki eða koma ekki auga á þær upplýsingar sem ættu að hafa áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku þeirra (Groves, 1994, bls.11)

Á þeim 23 árum sem liðin eru síðan þessi orð voru látin falla, hefur lengd reikningsskila aukist verulega. Í sömu grein reifar hann könnun sem Ernst & Young gerði á reikningsskilum stórra félaga yfir 20 ára tímabil. Þegar sú könnun var gerð var meðallengd ársreikninga 53 blaðsíður. Tuttugu árum fyrir útgáfu greinarinnar, árið 1972 var meðallengd ársreikninga 35 blaðsíður. Var það þeirra spá að miðað við áframhaldandi þróun yrðu ársreikningar orðnir allt að 117 blaðsíðna langir árið 2012 (Groves, 1994). Er þessi spá Groves nokkuð nálægt raunveruleikanum, en samkvæmt sambærilegri könnun sem KPMG gaf út árið 2011 var meðallengd ársreikninga tæplega 113 blaðsíður (KPMG, 2011).

Í fyrrnefndri skýrslu sem endurskoðunarfyrtækið KPMG gaf út árið 2011 og ber heitið „Falið fyrir berum augum“ (e. Hidden in plain sight), er fjallað um stöðu upplýsinga í ársreikningum. Við gerð skýrslunnar voru áður útgefin fræðileg skrif um upplýsingar í reikningsskilum skoðuð. Ásamt því voru skoðaðir ársreikningar 25

stórfyrirtækja yfir nokkur ár og 6.500 fjármálastjórum send spurningakönnun til þess að afla fræðilegra gagna um þróun reikningsskila yfir sex ára tímabil. Niðurstaða skýrsluhöfunda er að allt bendi til að flóknar upplýsingar hafi neikvæð áhrif á bæði notendur reikningsskila og höfunda þeirra.

Við gerð skýrslunnar voru skoðuð reikningsskil tveggja fyrirtækja úr öllum 12 atvinnugreinaflokkunum meðal hundrað stærstu fyrirtækja Bandaríkjanna, þar að auki var eitt fyrirtæki með starfsemi sem nær yfir fleiri en einn flokk skoðað. Við gerð skýrslunnar voru borin saman reikningsskil félaganna vegna árána 2004 og 2010 og einnig voru borin saman reikningsskil árána 2009 og 2010. Í ljós kom að meðallengd ársreikninga sem voru undir í skoðuninni hafði aukist um tæpar 16 blaðsíður, sem jafngildir 16% vexti frá árinu 2004 til 2010. Meðallengd skýringahluta ársreikninga jókst hraðast af öllum köflum ársreikninga eða um 28% á milli viðmiðunaráranna. Lengd ársreikninga jókst lang mest hjá þeim tveimur bönkum sem skoðaðir voru við gerð skýrslunnar. Lengd ársreikninga annars bankans jókst um 53% milli árána 2004 og 2010 og lengd ársreiknings hins bankans jókst á sama tíma um 110%. Að bönkunum frátöldum sýndi enginn annar atvinnugreinaflokkur hlutfallslega meiri aukningu í lengd reikningsskila en aðrir.

Greint var frá því hvaða þættir það voru sem jukust á tímabilinu. Kom í ljós að allir ársreikningarnir sem voru skoðaðir innihéldu að hluta til texta sem var alveg óbreyttur á milli viðmiðunaráranna. Lýsing á starfsemi félaganna var gjarnan endurtekin oftar en einu sinni í ólíkum hlutum ársreiknings þeirra, sem færa má rök fyrir að geti truflað lesendur. Meðallengd þess hluta skýringa sem tileinkaður var upptalningu á reikningsskilareglum var fimm blaðsíður. Í skýrslunni kemur fram að skýringar félaganna á ýmsum léttvægum reikningsskilareglum hafi margar verið óþarfar samkvæmt reikningsskilastöðlum og ekki til þess að bæta gæði ársreikninga. Ástæður félaganna fyrir að segja frá reikningsskilareglum, sem ekki teljast mikilvægar samkvæmt stöðlumum, er ekki hægt að greina samkvæmt skýrsluhöfundum. Spurningakönnun KPMG gefur til kynna að ástæðuna megi að einhverju leyti rekja til ótta við áminningu frá eftirlitsaðilum. Í skýrslunni er bent á að á að notendur reikningsskila græði ekki mikið á upptalningu á mjög stöðluðum reikningsskilareglum sem koma fjárhag tiltekins félags ekki mikið við.

Tóku höfundar skýrslunnar eftir því að mörg félaganna sögðu þannig frá reikningsskilareglum að magn og framsetning þeirra skýringa gæti orðið þess valdandi að freistandi væri að sleppa lestri þeirra blaðsíðna. Slíkt gæti valdið hættu á að mikilvægar upplýsingar komist ekki til skila vegna þess að þær eru faldar meðal mikils magns af upplýsingum sem ekki geti talist mikilvægar.

Dæmi um óþarfa upplýsingar, sem skýrsluhöfundar tóku sérstaklega eftir er að skýrt var frá stöðlum sem nýlega hafði verið bætt við reikningsskilareglur og einnig breytingum á stöðlum sem þegar voru til staðar. Umfjöllun um hina nýju staðla lauk svo gjarnan á því að sagt var frá því að tiltekinn staðall væri ekki mikilvægur starfsemi þeirra félags.

Auk þess sem ársreikningar félaga voru skoðaðir var sendur spurningalisti til 6.500 meðlima í Alþjóðasamtökum fjármálastjórnenda (e. Financial Executives International). Markmið könnunarinnar var að fá álit höfunda reikningsskila á kostum og göllum reikningsskilasstaðla og þeirra krafna sem gerðar eru til félaga við gerð ársreikninga. Einnig sóttust höfundar eftir því að fá innsýn inn í orsakir upplýsingavandans og hverskonar áhrif hann hefur á höfunda reikningsskila. Svarendur könnunarinnar voru frá 216 fyrirtækjum og þar af voru 127 fyrirtæki sem skilgreindu sig sem einingar tengdar almannahagsmunum og 88 fyrirtæki sem voru einkafyrirtæki.

Samkvæmt þátttakendum könnunarinnar má rekja upplýsingavandann að miklu leyti til flókinna reikningsskilareglna og nýrra reikningsskilareglna. Einnig þótti meirihluta svarenda upplýsingagjöf um áhættumat vera til lengingar á ársreikningum. Þátttakendur voru nær allir sammála um að skýringakaflinn væri sá hluti sem félögum þætti flóknast að semja vegna þeirra reglna sem gilda um skýringar. Þátttakendur tilgreindu sérstaklega reglur varðandi skýringar á gangvirði, afleiðuviðskiptum og áhættuvarnarreikningsskil sem þá þætti sem gera skýringar í ársreikningum flóknar. Skýrsluhöfundar benda á að þetta sé í samræmi við athuganir þeirra. Sá hluti skýringa sem tileinkaður er gangvirði, afleiðuviðskiptum og áhættuvörnum hafi hjá þeim fyrirtækjum sem skoðuð voru, nær þrefaldast á sex árum. Meðalfjölgun blaðsíðna slíkra skýringa hafi verið 184%, með miðgildi 150% fjölgun á blaðsíðna á tímabilinu 2004 til 2010.

Í skýrslunni kemur fram að stjórnendur sögðu að ótti við áminningu frá endurskoðendum, eftirlitsaðilum eða notendum reikningsskila, væri þess valdandi að upplýsingar, sem léttvægar geta talist væru hafðar með í ársreikningum. Þátttakendur sögðu að fjölgun reikningsskilareglna hefði mikil áhrif á þann tíma sem það tæki að undirbúa og fara yfir gögn og upplýsingar við gerð ársreikninga. Einnig þyrftu fyrirtæki að eyða meiri fjármunum í utanaðkomandi aðstoð við undirbúning og yfirferð reikningsskila sinna vegna nýrra og flókinna staðla.

Einnig kom fram að viðleitni höfunda reikningsskilareglna til að draga úr flóknum upplýsingum væru ekki að skila tilsettum árangri. Þó svo flestir þátttakenda könnunarinnar segðu að upplýsingavandi væri til staðar hjá þeirra fyrirtæki höfðu 70% svarenda ekki tekið nein skref til þess að bæta upplýsingagjöf í ársreikningum sínum. Sama hlutfall svarenda taldi sig og sitt fyrirtæki ekki hafa getu til þess að bæta upplýsingagjöf í reikningsskilum sínum upp á eigin spýtur.

Samræmist þetta niðurstöðu skýrsluhöfunda við skoðun á ársreikningum hinna 25 fyrirtækja sem kannaðir voru. Af þessum 25 fyrirtækjum tóku skýrsluhöfundar aðeins eftir marktækum aðgerðum varðandi bættu upplýsingagjöf hjá einu fyrirtæki. Niðurstaða skýrslunnar er sú að mikið vandamál sé til staðar varðandi upplýsingagjöf í reikningsskilum. Er það skoðun þátttakenda og skýrsluhöfunda að höfundar reikningsskilareglna þurfi að grípa til róttækra aðgerða til þess að stemma stigu við vandanum. Magn nýrra staðla, sem bætt hafi verið við á fimm ára tímabili fyrir útgáfu skýrslunnar eigi sér enga hliðstæðu og þessari þróun verði að snúa við.

Breska reikningsskilaráðið (e. The Financial Reporting Council, FRC) hefur það markmið að stuðla að því að reikningsskil fyrirtækja innihaldi upplýsingar sem eru viðeigandi, sannar, skiljanlegar og samanburðarhæfar. Vinnur ráðið hörðum höndum við að skilgreina upplýsingavandann og hvernig hægt sé að bæta upplýsingagjöf í reikningsskilum. Í þeirri viðleitni hefur það gefið út nokkrar skýrslur þar sem fjallað er um málefnið. Fyrsta skýrslan um efnið kom út árið 2011 og ber hún titilinn „Hærra en orð“ (e. Louder than words). Reikningsskilaráðið gaf út aðra skýrslu ári seinna í framhaldi af hinni fyrri og heitir sú skýrsla „Burtu með óreiðuna“ (e. Cutting the clutter)

Í fyrri skýrslunni var farið yfir reglur og aðgerðir til þess að gera reikningsskil minna flókin og meira viðeigandi. Í skýrslunni er vandamálinu við upplýsingagjöf í ársreikningum lýst þannig að skilaboðin tynist á leiðinni frá útgefanda reikningsskilanna til lesenda þeirra. Þeir höfundar ársreikninga sem skýrsluhöfundar tóku viðtöl við voru sammála um að ferlið við gerð reikningsskila væri orðið of flókið. Umkvörtunarefni lesenda reikningsskila væru frekar að bæta þyrfti upplýsingagjöf frá fyrirtækjum og síá þurfi út hvaða upplýsingar séu óþarfi. Voru viðmælendur sammála um að flóknum upplýsingum væri hægt að koma til skila á einfaldari hátt.

Skýrsluhöfundar bentu á að þegar fjallað er um ákveðið efni í reikningsskilareglum hefðu félög það yfirleitt með í reikningsskilum sínum, óháð því hvort tiltekið efnisatriði tengdist starfsemi þess félags á nokkurn hátt. Er þessari tilhneingingu líkt við það að allar matvælavörur hefðu merkingu á umbúðum sínum sem á stæði „inniheldur hugsanlega hnetur“. Slíkar óviðeigandi upplýsingar draga athygli frá þeim upplýsingum sem máli skipta. Könnun skýrsluhöfunda leiddi í ljós nokkrar ástæður þessarar tilhneingingar. Líkt og kom fram í könnun KPMG, sem fjallað er um hér að ofan, er ein af ástæðum þess hugsunarhátturinn „að meira sé minna“ auk ríkjandi ótta við að fá áminningu frá eftirlitsaðilum eða endurskoðendum. Einnig bentu skýrsluhöfundar á það að vegna tímaskorts við gerð ársreikninga væru upplýsingar fyrri ára hafðar með án þess að íhuga hvort upplýsingarnar væru enn viðeigandi. Höfunda skortir einnig viðeigandi leiðbeiningar til að beita faglegu mati við ákvörðun um hvaða upplýsingar teljist mikilvægar. Stjórnendur veldu því að fylgja því sem önnur fyrirtæki gera.

Skýrsluhöfundar sögðu að höfundar reikningsskilastaðla væru of einbeittir í að geðjast öllum flokkum hagsmunaaðila. Slík hegðun væri að valda því að reikningsskil væru ásættanleg fyrir marga en ekki fullnægjandi fyrir neinn tiltekinn hóp hagsmunaaðila. Bent er á að höfundar reikningsskilastaðla ættu að einblína meira á megintilgang reikningsskila sem er að veita fjárfestum upplýsingar sem nýtast þeim við efnahagslegar ákvarðanir. Það væri síðan verkefni stjórnenda að finna leiðir utan ársreikninga til að uppfylla þarfir hagsmunaaðila, annarra en fjárfesta.

Benda skýrsluhöfundar á að höfundar reikningsskilastaðla bæti of mörgum nýjum reglum við og hugi lítið að því hvort þær reglur sem þegar eru í gildi eigi við í núverandi viðskiptaumhverfi. Einnig er bent á að staðlar séu oft með of flóknu orðalagi og hægt sé

að endurskoða orðalag staðla til að gera þá læsilegri og að sama orðalag sé notað í öllum stöðlum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins, sem semur og gefur út Alþjóðlega reikningsskilastaðla (Financial Reporting Council, 2009).

Breska reikningsskilaráðið gaf út seinni rannsóknarskýrsluna árið 2012 þar sem upplýsingavandinn er skoðaður nánar. Sú skýrsla heitir „Burtu með óreiðuna“ (e. Cutting the clutter). Í skýrslunni er því haldið fram að óreiðuna megi helst rekja til tveggja meginþátta sem er annars vegar sá að birtar eru óþörfar upplýsingar sem skyggja á mikilvægar upplýsingar og hins vegar sé skýringum haldið óbreyttum frá ári til árs án þess að hugað sé að því hvort þær séu ennþá viðeigandi og mikilvægar.

Í skýrslunni segir að vandamálið megi að miklu leyti rekja til samverkandi hegðunartengdra þátta hjá þeim sem koma að gerð ársreikninga og reikningsskilareglanna. Samkvæmt skýrslunni auka Endurskoðunarfyrtækin svo vandamálið, til dæmis með því að hafa leiðbeiningabæklinga þar sem farið er yfir alla mögulega þætti og þar sem gert er ráð fyrir því að allt sé mikilvægt. Niðurstaða skýrsluhöfunda er, líkt og í niðurstöðum annara skýrslna sem skoðaðar voru við gerð þessarar ritgerðar, að rekja megi vandann til vandamála við að beita mikilvægisreglunni. Léleg upplýsingagjöf um ákvörðun mikilvægis sé sá þáttur sem sé að mestu leyti orsök lélegrar upplýsingagjafar (Financial Reporting Council, 2012).

Árið 2015 gerði endurskoðunarfyrtækið EY könnun meðal 120 stjórnenda á sviði fjármála og endurskoðunar með það fyrir augum að komast að því hvaða skref hefðu verið tekin til að bæta upplýsingagjöf reikningsskila. Af þeim sem 120 sem svöruðu könnuninni sagði nær þriðjungur eða 74% að fyrirtæki þeirra væru með mótaða stefnu til þess að bæta upplýsingar í reikningsskilum sínum. Þær leiðir sem viðmælendur höfðu helst leitað til að bæta reikningsskil voru að leggja áherslu á mikilvægar upplýsingar og að taka út upplýsingar sem ekki teljast mikilvægar. Einnig höfðu flestir viðmælendur dregið úr endurtekningum innan reikningsskila og tekið út upplýsingar sem ekki eiga lengur við um viðskiptaaðstæður fyrirtækis þeirra.

Tæplega 40% þeirra sem tóku þátt í könnuninni og höfðu tekið skref til bættrar upplýsingagjafar í reikningsskilum, sögðu að með skýrari stefnu við upplýsingagjöf í reikningsskilum sínum væru þeir að spara allt að þrjá daga af undirbúningsvinnu við gerð

reikningsskila. Enn eru miklar hindranir fyrir höfunda reikningsskila sem vilja bæta gæði reikningsskila sinna. Nefna viðmælendur að ákvörðun mikilvægismarka og ótti við athugasemdir frá eftirlitsaðilum væru tvær stærstu hindranirnar við umbætur á reikningsskilum (EY, 2015).

3 Verkefni höfunda reikningsskilareglna

Höfundar reikningsskilastaðla og eftirlitsstofnanir hafa sett af stað ýmis verkefni með það að markmiði að bæta gagnsemi reikningsskila fyrirtækja. Alþjóðlega reikningsskilaráðið (e. International Accounting Standards Board, IASB) hefur til að mynda gefið út að á næstu misserum muni megináhersla þess vera á að bæta upplýsingagjöf ársreikninga. Hefur ráðið sett af stað víðtækt verkefni sem ber yfirheitið „Betri upplýsingagjöf“ (e. Better communication). Verkefnið miðar að því að skoða hvað sé hægt að gera til þess að bæta upplýsingar reikningsskila sem gerð eru samkvæmt Alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (e. International Financial Reporting Standards, IFRS) (EY, 2017).

Bandaríska reikningsskilaráðið (e. Federal Accounting Standards Board, FASB) vinnur að gerð upplýsingaramma (e. Disclosure Framework), þar sem áherslan er lögð á að bæta skilvirkni skýringahluta ársreikninga. Eftirlitsstofnanir líkt og Evrópska verðbréfaeftirlitið (e. The European Securities and Markets Authority, ESMA) leggja einnig áherslu á málefnið og gaf stofnunin nýlega út leiðbeiningar um það hvernig megi bæta gæði upplýsinga í reikningsskilum. (EY, 2017)

3.1 Verkefni Alþjóðlega reikningsskilaráðsins

Alþjóðlega reikningsskilaráðið semur Alþjóðlegu reikningsskilastaðlana (e. IFRS). Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir eru þeir reikningsskilastaðlar sem stuðst er við í stærstum hluta heimsins. Evrópusambandið (ESB) gerir þá kröfu að öll félög sem skráð eru með hlutabréf eða skuldabréf sín á verðbréfabingum innan sambandsins semji reikningsskil sín samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (Deloitte, 2014) og þar sem Evrópska efnhagssvæðið (EES) þarf að taka upp reglur ESB m.a. hvað varðar reikningsskil ber íslenskum fyrirtækjum sem skráð eru á markað skylda til að beita alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum við samningu reikningsskila sinna. Tilgangur með samningu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna er að útbúa ramma utan um framsetningu fjárhagsupplýsinga félaga með það að markmiði að gera fjármálamarkaði heimsins skilvirkari (IFRS, 2016).

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir taka reglulega breytingum sem eiga að leiða til aukins gagnsæis, skilvirkni og áreiðanleika fjármálamarkaðarins. Á fimm ára fresti er haldinn fundur á vegum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins þar sem megináherslur komandi ára eru ákveðnar. Alþjóðlega reikningsskilaráðið fer þá yfir þær breytingar sem orðið hafa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Mikil rannsóknarvinna fer af stað og settar eru fram tillögur að breytingum. Þegar tillögur að breytingum hafa verið lagðar fram er óskað eftir athugasemdum frá öllum þeim hagsmunaaðilum sem breytingarnar varða. Ferlið að breyta stöðlunum er langt og eftir að þeim er formlega breytt er semjendum reikningsskila gefinn frestur til að innleiða breytingar (IFRS, 2017(c)).

Alþjóðlega reikningsskilaráðið hefur gefið út yfirlýsingu þess efnis að áhersla þess næstu fimm árin muni vera á að bæta upplýsingagjöf ársreikninga. Hefur ráðið skilgreint þrjú atriði sem þarf að bæta í reikningskilum:

- Mikilvægar upplýsingar vantar í ársreikninga.
- Óþarfa upplýsingar eru hafðar í ársreikningum.
- Mikilvægar upplýsingar eru þannig settar fram að þær sjást ekki.

Stjórnarformaður alþjóðlega reikningsskilaráðsins, Hans Hoogervorst, hefur einnig bent á fjórða vandamálið, þ.e. aukna notkun óhefðbundinna frammistöðumælinga í ársreikningum (e. Alternative performance measures). Snúa verkefni ráðsins næstu ár að því markmiði að vinna bót á þessum atriðum. (EY, 2017).

Verkefni Alþjóðlega reikningsskilaráðsins ber, eins og áður hefur komið fram, heitið Betri upplýsingagjöf. Er það verkefni regnhlífarverkefni og undir því eru þrjú stór verkefni. Það eru skýringaverkefni (e. Disclosure initiative), verkefni um meginfjárskýslur (e. Primary financial statements) og flokkunarkerfi (e. Taxonomy) sem ráðið vinnur að.

Ráðið hóf formlega vinnu að verkefninu um betri upplýsingagjöf árið 2015 en ráðið hafði tveimur árum áður hafið undirbúning vinnunnar. Eftir að hafa fengið mikið af athugasemdum frá hagsmunaaðilum um að bæta þyrfti fleira en skýringar reikningsskila ákvað ráðið að hefja vinnu að fleiri verkefnum með það fyrir augum að bæta upplýsingagjöf í reikningsskilum.

Skýringaverkefnið miðar að því að leita leiða til að bæta upplýsingagjöf í skýringum ársreikninga. Verkefnið inniheldur smærri verkefni sem eru misvíðtæk. Verkefnið sem fjallar um meginfjárhagsskýrslurnar snýst um að skoða leiðir til að bæta uppsetningu og

innihald þeirra. (EY, 2017). Verkefnið um flokkun snýr síðan að framsetningu og flokkun upplýsinga í ársreikningum á stafrænu formi.

3.1.1 Skýringaverkefnið (e. Disclosure initiative)

Skýringaverkefni Alþjóðlega reikningskilaráðsins er yfirgripsmikið verkefni sem miðar að því að leita leiða til að bæta upplýsingar í skýringahluta reikningsskila. Ráðið hóf vinnu að verkefninu árið 2013 eftir að hafa fengið mikið af ábendingum um að skýringar í ársreikningum þyrfti að bæta. Undir verkefninu eru sex smærri verkefni með ólík áherslusvið en öll unnin með sama markmið að leiðarljósi, sem er að leita leiða til bæta upplýsingar í skýringum reikningsskila. Lokið hefur verið við tvö verkefnanna og teljast þau verkefni til sértækra verkefna (e. Narrow scope) . Þau verkefni sem lokið hefur verið við eru eftirfarandi:

- Endurbætur á ISA 1 til að hjálpa við ákvörðun mikilvægis.
- Endurbætur á ISA 7 varðandi breytingar á skuldsetningu .

Vandamál við beitingu mikilvægisreglunnar (e. Materiality) hefur verið tilgreint sem ein helsta orsök upplýsingavandans í reikningsskilum. Alþjóðlega reikningskilaráðið hefur tvö verkefni innan upplýsingaverkefnisins sem snúa að því að leiðbeina þeim sem semja reikningsskil við að beita reglunni. Verkefnin eru:

- Leiðbeiningar um mikilvægi (e. Materiality practice statement).
- Skilgreining á mikilvægi (e. Definition of materiality).

Innan skýringaverkefnisins eru einnig tvö stór rannsóknarverkefni. Taka þau verkefni lengri tíma og eru víðtæk (e. Broad scope). Þetta eru verkefnin:

- Meginreglur upplýsingagjafar (e. Principals of disclosures)
- Endurskoðun skýringa frá sjónarhorni staðlanna (e. Standards level review of disclosures)

Ráðið er komið langt á leið í verkefninu varðandi meginreglur upplýsingagjafar. Vinna við seinna rannsóknarverkefnið á lengra í land en ráðið stefnir á að nýta þá endurgjöf sem það fær vegna verkefnis meginreglna við vinnu seinna rannsóknarverkefnisins (IFRS, 2017b).

3.1.1.1 Endurbætur á IAS 1

IAS 1 Framsetning reikningsskila (e. Presentation of Financial Statements) fjallar um hvernig reikningsskil skulu almennt sett fram og hvernig uppsetningu þeirra skuli háttað. Endurbætur á IAS 1 tóku gildi frá og með 1. janúar 2016 og eru þær fyrsta skrefið í upplýsingaverkefni Alþjóðlega reikningsskilaráðsins. Auk endurbótanna sem þegar hafa tekið gildi má gera ráð fyrir að bæði mikilvægisverkefni ráðsins og meginreglnaverkefni þess muni hafa áhrif á staðalinn.

Í málsgrein 29 í IAS 1 segir að hver mikilvægur flokkur svipaðra atriða skuli settur fram sérstaklega í reikningsskilum. Ólík atriði megi aðeins telja fram saman ef þau eru léttvæg stök. Mikilvægisreglan eigi við um alla kafla reikningsskila og jafnvel þegar staðall krefjist tiltekinna skýringa, þurfi að huga að hvort upplýsingar séu mikilvægar tilteknu fyrirtæki. Þannig eigi að hugsa um viðskiptaaðstæður félags þegar ákvarðanir um hvort tiltekna upplýsingar teljist mikilvægar, því félagi.

Við endurbæturnar voru tekin voru út orðin „að lágmarki“ úr grein 52 en í þeirri grein eru talin eru upp þau atriði sem greina þarf frá í efnahagsreikningi. Var það til þess gert að leiðrétta þann misskilning að þau atriði sem taldin eru upp verði að segja frá, þó þau séu ekki viðeigandi tilteknu fyrirtæki.

Í málsgrein 114 í IAS 1 er sett fram dæmi um það hvernig fyrirtæki raða yfirlit skýringum sínum. Með breytingunum sem tóku gildi í janúar 2016 var orðalagi málsgreinarinnar breytt svo skýrara yrði að sú uppröðun sem þar er sett fram, sé aðeins sýnidæmi um það hvernig skýringum væri hægt að raða upp. Sett eru fram dæmi um aðrar framsetningar til þess að leggja áherslu á að skiljanleiki og samanburðarhæfi eigi að ráða förlinni við uppsetningu skýringa. Fleiri smávægilegar breytingar voru gerðar á staðlinum sem allar vinna að því markmiði að bæta upplýsingagjöf í ársreikningum (IAS plus, e.d.).

3.1.1.2 Endurbætur á IAS 7

IAS 7 fjallar um sjóðsteymisfirlit fyrirtækja. Yfirlit um sjóðsteymi sýnir breytingu á handbæru fé félags yfir tiltekið tímabil. Breytingar handbærs fjár eru flokkaðar í þrennt: breytingar frá rekstri, frá fjárfestingu og fjármögnun. Ráðið hafði fengið mikið af ábendingum um það að nauðsynlegt væri að skilja vel sjóðsteymi fyrirtækja til þess að

geta greint fjárhagslega stöðu þeirra og að skýringum varðandi skuldsetningu fyrirtækja væri ábótavant.

Gerðar voru endurbætur á staðlinum sem tóku gildi frá og með 1. janúar 2017. Breytingarnar sem voru gerðar fólust í því að fyrirtæki greini sérstaklega frá breytingum á skuldsetningu sem verða vegna fjármögnunaraðgerða í skýringum. Fjármögnun er skilgreind sem aðgerðir fyrirtækja sem leiða af sér breytingar á uppsetningu eigin fjár og skuldastöðu fyrirtækisins.

Breytingarnar felast í því að nú eiga fyrirtæki að skýra sérstaklega frá breytingum á skuldsetningu félags vegna eftirfarandi fjármögnunaraðgerða:

- Breytingu á handbæru fé vegna fjármögnunar.
- Breytingu vegna kaupa eða sölu á dótturfélagi eða öðrum fyrirtækjum.
- Áhrif breytinga á gengi gjaldmiðils.
- Breytingar á gangvirði.
- Öðrum breytingum.

Samkvæmt Alþjóðlega reikningsskilaráðinu teljast þær fjárhreyfingar sem breytingarnar ná yfir, allar þær hreyfingar þar sem fjárflæði hefur áður verið eða mun seinna vera flokkað sem fjárflæði vegna fjármögnunarhreyfinga á sjóðstreymisyfirliti. Þær hreyfingar skulu nú tilgreindar sérstaklega í skýringum. Var gerð sú krafa að fyrirtæki aðskilji skýringar á breytingu á skuldsetningu vegna fjármögnunarhreyfinga frá breytingum á öðrum eignum og skuldum.

Líkt og endurbæturnar á IAS 1 eru breytingarnar á IAS 7 fyrstu skref Alþjóða reikningsskilaráðsins til að bæta upplýsingagjöf ársreikninga. Er það mat ráðsins að endurbæturnar á IAS 7 komi til með að hjálpa lesendum reikningsskila við að meta fjárhagslega stöðu fyrirtækja (IFRS, 2016).

3.1.1.3 Meginreglur skýringa (e. *Principals of disclosure*)

Eitt af rannsóknarverkefnum skýringaverkefnis Alþjóða reikningsskilaráðsins snýr að því að ramma inn reglur um upplýsingar í reikningsskilum. Gefið var út umræðuskjal (e. Discussion paper) þar sem mögulegar umbætur á Alþjóðlegu reikningsskilareglunum voru settar fram. Hagsmunaaðilar hafa frest fram í október 2017 til að gera athugasemdir við

breytingarnar. Að þeim tíma loknum kemur ráðið til með að fara yfir athugasemdirnar og halda áfram vinnu við verkefnið. Snýr verkefnið mest að IAS 1.

Alþjóðlega reikningsskilaráðið telur orsakir upplýsingavandans megi meðal annars rekja til hegðunartengdra þátta svo sem að stjórnendur semji reikningsskil sín án þess að hafa í huga hvernig þau birtast lesendum. Einnig sé mikið af flóknum og illæsilegum reglum í stöðlunum sem höfundum reikningsskila þyki erfitt að tileinka sér. Telur ráðið að meginreglurnar sem settar eru fram geti hjálpað höfundum reikningsskila að beita faglegu mati við val og framsetningu upplýsinga í reikningsskilum.

Í umræðuskjalinu er farið yfir hvernig fyrirtæki geti stuðlað að skilvirkri upplýsingagjöf í gegnum ársreikninga sína. Settar eru fram tillögur að reglum sem tiltaka hvar í ársreikningi upplýsingar skuli staðsettar, hvaða liðir eigi að vera í fjárskýrslunum og hlutverk skýringa. Drög að meginreglum varðandi upptalningu reikningsskilareglna sem notaðar eru einnig settar fram í ritgerðinni.

Í umræðuskjalinu eru tilgreindar sjö meginreglur sem fyrirtæki eiga að fara eftir til þess að stuðla að því að ársreikningar þeirra séu sem skilvirkastir. Samkvæmt því sem fram kemur í skjalinu er mikilvægt að þær séu viðeigandi um tiltekið fyrirtæki og það viðskiptaumhverfi sem það starfar í. Skýringar skulu vera einfaldar og skýrar, án óþarfa upplýsinga og mikilvægum upplýsingum sé ekki sleppt. Ársreikningar skuli vera settir upp í viðeigandi röð með það fyrir augum að undirstrika mikilvæg atriði. Upplýsingar skulu settar fram í samhengi við tengdar upplýsingar, þær skal setja fram þannig að hæglega sjáist hvaða atriði hafa áhrif á tilteknar upplýsingar. Forðast skal endurtekningar, hvort sem við á innan fjárhagsskýrslna eða skýringa. Mikilvægt er að upplýsingar ársreikninga séu samanburðarhæfar, bæði milli fyrirtækja og tímabila. Ársreikningur skal vera settur fram með viðeigandi sniðmáti (e. Appropriate format).

Vafist getur fyrir stjórnendum og öðrum höfundum ársreikninga hvort eigi að hafa upplýsingar í fjárhagsskýrslum eða skýringum. Í umræðuskjalinu segir að rannsóknir sýni að notendur reikningsskila leggi meiri áherslu á hinar eiginlegu fjárhagsskýrslur en skýringahluta reikningsskila. Í ritgerðinni eru rannsakar leiðir til að hjálpa stjórnendum að skilja betur hlutverk hvers hluta reikningsskila. Til fjárhagsskýrsla teljast efnahagsreikningur, rekstrarreikningur, sjóðstreymi og breytingar á eigin fé. Hafa yfirlitin þann tilgang að sýna á skipulagðan og samanburðarhæfan hátt eignir og skuldir,

tekjur og gjöld fyrirtækis. Hlutverk skýringa er að útskýra og styðja við þær upplýsingar sem birtast í fjárhagsyfirlitunum.

Settar eru fram tillögur að breytingum á reglum um staðsetningu upplýsinga innan reikningsskila. Lagt er til að leyfilegt verði að hafa óhefðbundnar frammistöðumælingar innan fjárhagsyfirlita í reikningsskilum. Óhefðbundnar frammistöðumælingar teljast þær mælieiningar sem fyrirtæki styðjast við en er ekki sértsaklega krafist samkvæmt IFRS stöðlunum. Dæm um slíkar mælingar er EBITDA og aðlöguð EBITDA en nánar verður fjallað um málefnið seinna í ritgerðinni. Ráðið leggur til reglur um notkun slíkra mælinga. Segir í tillögu ráðsins að reglunum að þær skuli hafðar með upplýsingum sem teljist IFRS upplýsingar. Segir einnig í reglunum að skýra skuli frá því að tilteknar upplýsingar teljist ekki IFRS upplýsingar ásamt því sem rökstyðja þarf hvers vegna tilteknar upplýsingar eru taldar fram.

Óskar ráðið eftir álitni hagsmunaaðila á þeim reglum sem fram koma í umræðuskjalinu varðandi um notkun á óhefðbundnum frammistöðumælingum. Kemur ráðið svo til með að styðjast við þá endurgjöf í öðru stóru verkefni sem það vinnur nú að sem tengist meginfjárhagsyfirlitum fyrirtækja.

Stór hluti skýringa í ársreikningum fer gjarnan í það að tiltaka hvaða reikningsskilareglur stuðst sé við, við gerð ársreikninga. Getur þetta verið til mikillar lengingar ársreikninga og samkvæmt notendum ársreikninga getur þetta gert reikningsskil torlesnari. Jafnvel séu reglur afritaðar beint af heimasíðu IFRS og hafðar orðrétt í ársreikningum. Lesendur hafa bent á að upptalning á þeim reikningsskilareglum sem ekki breytast milli ára auki ekki skilvirkni ársreikninga.

Ráðið skiptir reikningsskilareglum í þrjá flokka. Fyrsti flokkurinn inniheldur þær reikningsskilareglur sem eru hvað mikilvægastar og skylt er að hafa í ársreikningi og eigi að vera áberandi. Þetta eru þær reglur sem notaðar eru við framsetningu mikilvægustu atriða fyrirtækis, í fyrsta flokkinn fara einnig þær reglur sem taka breytingum milli ára eða þegar valið er á milli fleiri en einnar reikningsskilareglu. Loks eru í fyrsta flokknum þær aðferðir sem fyrirtæki notar þegar ekki eru til viðeigandi leiðbeiningar í stöðlunum.

Í flokki tvö eru þær reikningsskilareglur sem ekki falla í flokk eitt en eiga þó við um mikilvægar upplýsingar. Þær reglur sem eru í flokki tvö er einnig skylt að hafa í skýringum ársreikninga. Þriðji og síðasti flokkurinn á svo við allar þær

reikningsskilaaðferðir sem hvorki eru í flokki eitt eða tvö. Fyrirtækjum er ekki skylt að hafa útlistun þeirra reglna í ársreikningi sínum. Þó er ekki tekið fyrir framsetningu þeirra, ef það skyggir ekki á mikilvægari reglur.

Hagsmunaaðilar hafa sent athugasemdir til ráðsins er lúta að skorti á skýrum skilgreiningum á markmiðum hvers staðals fyrir sig. Getur þetta valdið erfiðleikum við að skilja tilgang tiltekinna regla reikningsskila sem jafnframt leiðir til vélrænnar framsetningar og erfiðleika við val á upplýsingum. Í umræðuskjalinu er velt fram þeirri hugmynd að gerður verði sér staðall þar sem allar reglur og leiðbeiningar varðandi skýringar eru hafðar saman. Eins og áður segir óskar ráðið eftir athugasemdum frá hagsmunaaðilum um reglurnar og kemur það til með að fara yfir það sem þar kemur fram áður en haldið verður áfram með verkefnið (IFRS, 2017b).

3.1.1.4 Endurskoðun skýringa frá sjónarhorni staðlanna (e. standards level review of disclosures)

Alþjóðlega reikningsskilaráðið vinnur að öðru stóru rannsóknarverkefni sem hefur það markmið að tilgreina hvort gera skuli viðtækar breytingar á núverandi stöðlum. Í verkefninu er skoðað hvort mótsagnir eða tvítekingar sé að finna innan staðlanna. Markmið ráðsins með verkefninu er einnig að mynda sér vinnuferli við endurbætur á núverandi stöðlum og við gerð nýrra staðla. Formleg vinna að verkefninu hefur ekki verið hafin en í umræðuskjali ráðsins um meginreglur upplýsinga eru settar fram leiðir sem Reikningsskilaráð Nýja Sjálands (e. New Zealand Accounting Standards Board, NZASB) hefur myndað varðandi vinnuferla við gerð reikningsskilareglna.

Felast aðferðir NZASB meðal annars í því að tilgreint er í hverjum staðli hvert markmið skýringa við þann fjárhagslið sem staðallinn krefst er og hvað skal haft í huga þegar greint er frá efni staðalsins í skýringum. Einnig skiptir NZASB skýringum í tvo þætti: samantektar upplýsingar sem öll fyrirtæki birta og síðan aðrar upplýsingar sem mæta öðrum markmiðum. Einnig er lögð minni áhersla á skipandi fyrirmæli innan staðla Nýja Sjálands og meiri áhersla á að höfundar reikningsskila fái svigrún til að beita faglegu mati og dómgreind við gerð reikningsskila.

Óskar Alþjóðlega reikningsskilaráðið eftir athugasemdum hagsmunaaðila við þessar aðferðir og mun ráðið koma til með að nýta sér þær í vinnu sinni við verkefnið (IFRS, 2017b).

3.1.1.5 Mikilvægi (e. Materiality)

Hugtakið mikilvægi (e. Materiality) er mikið notað við endurskoðun og gerð reikningsskila. Stjórnendur þurfa að beita dómgreind þegar þeir velja hvaða upplýsingar þeir hafa í ársreikningum sínum. Samkvæmt mikilvægisreglunni eru upplýsingar mikilvægar ef þær *gætu* haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir upplýstra lesenda ársreikninga. Tilgangur mikilvægisreglunnar er að hjálpa stjórnendum að ákveða hvað skal hafa í ársreikningum, hvaða upplýsingar skal setja saman með öðrum og hverju skal sleppa.

Endurskoðunarfyrirtæki og fleiri hagsmunaaðilar hafa bent á að skortur á samræmi og viðeigandi leiðbeiningum innan IFRS staðlanna um mikilvægi geri þeim erfitt um vik að ákvarða hvaða upplýsingar skuli hafa í ársreikningum. Hugtakaramminn fyrir reikningsskil (e. The Conceptual Framework For Financial Reporting) inniheldur skilgreiningu á mikilvægisreglunni og einnig er að finna skilgreiningar á mikilvægi í IFRS stöðlum 1 og 8. Þessar skilgreiningar eru ekki eins. Þó skilgreiningarnar séu svipaðar, ýtir ósamræmið undir hugsunarhátt um að meira sé betra en minna og þar með auki það lengd reikningsskila (IFRS, e.d.(a)). Því sé mikilvægt að samræma skilgreiningarnar. Í Hugtakarammanum er mikilvægi skilgreint svo:

Information is material if omitting it or misstating it could influence decisions that users make on the basis of financial information about a specific reporting entity. In other words, materiality is an entity-specific aspect of relevance based on the nature and magnitude, or both, of the items to which the information relates in the context of an individual entity's financial report. (IFRS, 2015, bls. 10)

Staðlar númer 1 og 8 skilgreina einnig mikilvægi en sú skilgreining er ekki orðrétt hin sama og skilgreining hugtakarammans. Skilgreining á mikilvægi samkvæmt IAS 1 og IAS 8 er svohljóðandi:

Material Omissions or misstatements of items are material if they could, individually or collectively, influence the economic decisions that users

make on the basis of the financial statements. Materiality depends on the size and nature of the omission or misstatement judged in the surrounding circumstances. The size or nature of the item, or a combination of both, could be the determining factor (IAS 1).

Í skilgreiningunni á mikilvægi sem kemur úr hugtakarammanum er vísað til upplýsinga með tilliti til aðstæðna félags ásamt eðli og umfangi upplýsinganna en í skilgreiningu á mikilvægi í IAS 1 og 8 er nálgunin mikilvægi efnisatriða.

Við ákvörðun um hvort upplýsingar teljist mikilvægar þarf að beita faglegri dómgreind. Stjórnendum og fleiri hagsmunaaðilum þykir vanta leiðbeiningar um beitingu hugtaksins við gerð ársreikninga, sérstaklega þegar kemur að skýringum. Vinnur Alþjóða reikningskilaráðið nú að því verkefni að skilgreina mikilvægi (e. Definition of materiality) og hefur það einnig nýlega gefið út drög að leiðbeinandi reglum um beitingu mikilvægisreglunnar (e. Exposure draft on application of materiality, practice statement). Ráðið ætlar að nú í september 2017 að gefa út fyrstu drög að því að samræma skilgreiningu staðlanna á mikilvægi (IFRS, 2015).

3.1.1.5.1 Leiðbeinandi reglur um mikilvægi (e. Materiality Practice statement)

Alþjóðlega reikningsskilaráðið hefur nýlega gefið út drög að leiðbeinandi reglum um mikilvægi. Eiga leiðbeiningarnar að hjálpa stjórnendum við að beita mikilvægisreglunni, en skortur á leiðbeiningum getur leitt til þess að mikið af óviðeigandi upplýsingum séu hafðar í reikningsskilunum. Einnig er hætta á að ef mikilvægisreglunni er ekki rétt beitt, vanti mikilvægar upplýsingar í ársreikninga. Getur þetta meðal annars gerst þegar staðlarnir eru notaðir vélrænt. Einnig hefur verið bent á að fyrirtæki tilgreini þá reikningsskilastaðla sem þau styðjast við með því að afrita texta frá heimasíðu IFRS án þess að útskýra hvernig hann var valinn eða tengist tilteknu fyrirtæki.

Endurskoðendum og stjórnendum ber þó ekki skylda að fara eftir reglunum. Eiga reglurnar að leiðbeina stjórnendum við að átta sig á einkennum mikilvægis og að beita reglunni til að velja hvaða upplýsingar skal hafa í reikningsskilum og hvernig þær skulu framsettar. Mikilvægi upplýsinga fer eftir tegund, starfsemi og viðskiptaumhverfi félags. Vegna þess hve mismunandi viðskiptaumhverfi félaga er, er ekki settur fram nákvæmur

listi yfir hvað teljist mikilvægar upplýsingar. Í leiðbeiningunum er farið yfir hvaða þætti stjórnendur og höfundar ársreikninga skulu hafa í huga þegar ákvörðun er tekin um mikilvægi upplýsinga. Það ráðið um endurgjöf frá hagsmunaaðilum um drögin. IASB stefnir á að lokaútgáfa leiðbeininganna verði gefin út áður en lokið verður við verkefnið Meginreglur upplýsinga (e. Principals of disclosures).

Stjórnendur skulu samkvæmt leiðbeiningunum nota mikilvægisregluna þegar þeir fara yfir upplýsingar og velja úr hvað ákveðið er að hafa í reikningsskilum. Eiga stjórnendur að geta stuðst við hana til að ákveða hvaða upplýsingum megi sleppa svo hinar mikilvægu upplýsingar séu aðgengilegri. Þegar stjórnendur nota faglegt mat sitt við að ákvarða hvaða upplýsingar skuli vera í reikningsskilum þarf að líta til núverandi aðstæðna fyrirtækis, þá er átt við að þó upplýsingar hafi verið mikilvægar á einhverjum tímapunkti getur verið að þær séu ekki mikilvægar miðað við núverandi stöðu fyrirtækis. Því þarf að fara yfir allar upplýsingar við gerð ársreikninga fyrir hvert tímabil.

Stjórnendur eiga að hafa hugfast hverjir lesendur reikningsskilanna eru og hvernig ákvarðanir þeir taka út frá þeim upplýsingum sem í reikningsskilum eru. Í Hugtakarammanum kemur fram að meginþorri lesenda reikningsskila hafi yfirgripsmikla þekkingu á fjármálum og reikningsskilum. Í leiðbeiningunum kemur þó fram að stjórnendur eigi ekki að gera ráð fyrir að lesendur séu *sérfræðingar*. Fyrirtæki geta haft breiðan hóp fjárfesta og hagsmunaaðila, með ólíkar kröfur um upplýsingar. Því sé best að miða við þær upplýsingar sem breiður flokkur hagsmunaaðila væntir. Ekki er hægt að búast við að hægt sé að fullnægja upplýsingaþörf hvers notanda.

Stjórnendum er bent á að við val á upplýsingum sé gott að þeir setji sig í spor meginnotenda reikningsskila félags þeirra. Þannig geti þeir betur áttað sig á því hvaða upplýsingar stjórnendur sjálfir myndu vilja hafa aðgengilegar við efnahagslegar ákvarðanir. Einnig sé hentugt að skoða hvaða upplýsingar svipuð félög hafa í reikningsskilum sínum, þó ekki þurfi að vera að sömu upplýsingar séu mikilvægar.

Eins og áður hefur komið fram er ein af orsökum upplýsingavandans vélræn framsetning þeirra reikningsskilareglna sem fyrirtæki styðjast við. Leiðbeiningarnar ráðleggja stjórnendum að íhuga hvort lýsing á tiltekinni reglu sé nauðsynleg lesendum við lestur ársreiknings. Reikningsskilareglur teljast mikilvægar ef skortur á lýsingu á tiltekinni reglu myndi leiða til þess að meginnotandi reikningsskila gæti ekki skilið

reikningsskilin. Í leiðbeiningunum kemur einnig fram að það sé léleg framsetning reikningsskilareglu þegar fyrirtæki afrita staðla beint á ársreikninga sína án þess að útskýra hvernig þeim var beitt hjá því tiltekna fyrirtæki.

Stjórnendur þurfa ekki einungis að huga að því hvort upplýsingar teljist mikilvægar, einnig þarf að hugsa um það hvernig hinar mikilvægu upplýsingar eru settar fram. Gæta þarf þess að léttvægar upplýsingar skyggi ekki á mikilvægar upplýsingar. Ef mikið magn smáatriða og upplýsinga sem teljast geta léttvægar eru hafðar í reikningsskilum lengir það ársreikninga og getur slíkt leitt til þess að mikilvægari upplýsingar falli í skuggann. Er þó bent á í leiðbeiningunum að æskilegt geti verið að tilgreina stuttlega að tiltekinn þáttur, sem í viðskiptaumhverfi þess er áhættuþáttur, sé léttvægur því fyrirtæki.

Hlutverk skýringa er að styðja við og útskýra upplýsingar sem fram koma í fjárhagsskýrslum. Þó tilteknar upplýsingar séu ekki aðgreindar í megin fjárhagsskýrslum reikningsskila, getur verið mikilvægt að hafa útskýringu á þeim í skýringahluta reikningsskilanna. Einnig getur verið þörf á viðbótar upplýsingum í skýringum, sem ekki koma fram í fjárhagsskýrslum, teljist þær mikilvægar til mæta markmiðum ársreikningsins.

Lokaútgáfa leiðbeininganna er væntanleg á næstu misserum og eru þær hluti af verkefni Alþjóðlega reikningsskilaráðsins um betri upplýsingagjöf. Byggja leiðbeiningarnar hér að ofan á grunni endurbótana sem gerðar voru á IAS 1. Eiga leiðbeiningarnar að hjálpa stjórnendum að tileinka sér nýtt ákvæði í IAS 1 sem segir að félag sé ekki skyldugt að telja fram léttvægar upplýsingar, þó þeirra sé krafist samkvæmt IFRS (IFRS, 2015).

3.1.2 Meginfjárhagsskýrslur (e. Primary financial statements)

Annað stórt verkefni Alþjóðlega reikningsskilaráðsins, í viðleitni þess til að bæta gæði upplýsingagjafar í ársreikningum, er verkefni um meginfjárhagsskýrslur fyrirtækja. Eins og heiti verkefnisins gefur til kynna snýr verkefnið að meginfjárhagsskýrslum fyrirtækja, frekar en skýringum. Ráðið íhugar hvort fækka megi valmöguleikum á reikningsskilaaðferðum og hvort bæta megi uppsetningu á fjárhagsskýrslum.

Meginfjárhagsskýrslur fyrirtækja eru efnahagsreikningur, rekstrarreikningur, sjóðstreymi og eiginfjáryfirlit. Markmið þeirra er að veita notendum reikningskila glögga mynd af fjárhagsskipan fyrirtækis. Eignum þess, skuldum, tekjum og gjöldum, ásamt sjóðstreymi og öllum efnahagslegum hreyfingum til og frá handhöfum eigin fjár þess. Fjárfestar þurfa að hafa greinargóða mynd af fjárhagslegri stöðu félags til að geta tekið skynsamar efnahagslegar ákvarðanir. Upplýsingar í reikningunum þurfa að vera samanburðarhæfar bæði milli reikningstímabila og fyrirtækja (IFRS, 2015).

Fyrirtæki hafa, samkvæmt sumum IFRS stöðlum, val á milli mismunandi frammistöðumælinga við gerð reikningskila sinna. Það að fyrirtæki styðjist við ólíkar reikningskilaaðferðir minnkar samanburðarhæfi ársreikninga milli fyrirtækja, sem getur leitt til verri efnahagslegra ákvarðana fjárfesta og um leið ógnað stöðugleika markaðar. Nú vinnur ráðið að rannsóknum og að þeim loknum kemur það til með að gefa út uppkast að breytingum (IFRS, e.d.(b)).

3.1.3 Flokkun (e. Taxonomy)

Sem hluta af verkefni sínu um betri upplýsingagjöf hefur Alþjóða reikningsskilaráðið hannað sérstakt flokkunarkerfi ætlað þeim sem semja reikningsskil sín á rafrænu formi. Til þess að auka skilvirkni og uppsetningu ársreikninga á stafrænu formi er ráðlagt að nýta sér flokkunarkerfið. Þannig má tengja saman upplýsingar innan ársreikninga.

Eins og nafnið gefur til kynna er snýr verkefnið að því að skipta upplýsingum í flokka eftir eðli. Þannig geta lesendur reikningskila nálgast upplýsingar eftir flokki sem þeir hafa áhuga á. Þannig geta tilteknar upplýsingar tilheyrt fleiri ein einum flokki. Er uppsetning kerfisins þannig að líkt og þegar verslað er á netinu og hægt er að afmarka leit sína að hlutum bæði eftir stærð, lit og eðli hlutar, verði hægt að nálgast fjárhagslegar upplýsingar sem uppfylla tilteknar óskir lesenda. Flokkunarkerfið er gert með tilliti til Alþjóðlegu reikningsskilareglanna. Hlutverk kerfisins er ekki að tiltaka hvaða upplýsingar eiga að koma fram í reikningsskilum, heldur að hjálpa fyrirtækjum að setja upplýsingar fram á stafrænu formi.

Er flokkunarkerfinu ætlað að bæta aðgengi að upplýsingum og stytta þann tíma sem fjárfestar og eftirlitsaðilar þurfa til að greina upplýsingar reikningskila (IFRS, e.d.(d)).

3.2 Verkefni bandaríska reikningsskilaráðsins (e. FASB)

Bandaríska reikningsskilaráðið sér um að semja bandarísku reikningsskilastaðlana. Eru það þeir reikningsskilastaðlar sem notaðir eru við reikningsskil fyrirtækja á verðbréfamörkuðum í Bandaríkjunum. Vinnur það ráð einnig eins og hið alþjóðlega að stóru verkefni með það fyrir augum að bæta upplýsingagjöf í skýringum reikningsskila. Verkefnið ber heitið Upplýsingaramminn (e. Disclosure framework). Leitar ráðið leiða til að bæta upplýsingaflæði frá fyrirtækjum til megin notenda reikningsskila þeirra skipulagsheildar sem reikningsskilin semur (FASB, e.d.).

Verkefnið er tvískipt: annars vegar er hluti sem snýr að ákvarðanatökufærli ráðsins sjálfs við gerð og endurbætur staðla sinna og hins vegar hluti sem snýr að ákvarðanatöku fyrirtækja um hvaða upplýsingum það segi frá í skýringum sínum. Meginmarkmið verkefnisins er ekki að draga úr lengd skýringa heldur að upplýsingar komist skýrt til skila til lesenda. Vonast ráðið til að þannig verði staðlarnir skilvirkari. Ætlar ráðið að veita höfundum meiri sveigjanleika við eigin ákvarðanatöku við gerð reikningsskila og er það nú í vettvangsathugunarferli til að sjá hvernig best er að veita stjórnendum slíkan sveigjanleika. Með þessu vonast ráðið til að fyrirtæki semji reikningsskil sín af meira öryggi og þau innihaldi aðeins viðeigandi upplýsingar (FASB, 2013).

4 Leiðir fyrirtækja til að bæta upplýsingagildi og notkun ársreikninga

Þó greinilegt sé að bæði IASB og FASB séu ásamt öðrum að vinna að betri leiðbeiningum við gerð reikningsskila er enn langt í land. Höfundar reikningsskila geta leitað ýmissa leiða til að bæta upplýsingagjöf í ársreikningum sínum. Fyrirtæki sem setja ársreikninga sína upp á hátt sem veitir skýrar upplýsingar um fjárhagslega stöðu og stefnu þeirra hafa samkeppnisforskot á önnur fyrirtæki sem ekki setja upplýsingar sínar þannig fram. Bent hefur verið á að orðspor þeirra og trúverðugleiki aukist í augum fjárfesta og annarra aðila markaðarins. Þegar fyrirtæki stefna á að bæta upplýsingagjöf reikningsskila sinna er að mörgu að huga. Verkferli þarf að skilgreina og meta þarf kostnað við breytingarnar. Gott er fyrir félög hafa verkferli til staðar til þess að meta reglulega gæði reikningsskila (EY, 2014(a)). Hefur félögum verið bent á að mögulega sé hagkvæmara að einbeita sér að því að bæta tiltekinn þátt reikningsskila sinna, frekar en að byrja alveg frá grunni. Miklar breytingar á ársreikningum er ekki hægt að framkvæma án skipulagningar (FRC, 2011).

Hlutverk ársreikninga er, eins og áður hefur komið fram, að segja sögu fyrirtækis. Til þess að upplýsingagjöf reikningsskila geti verið með besta móti er mikilvægt að semja reikningsskil með það hugfast. Í þessum kafla verða skoðaðar nokkrar leiðir sem fyrirtæki geta farið til þess að bæta skilvirkni reikningsskila sinna. Sem dæmi má nefna:

- Að huga að uppsetningu skýringa
- Bæta leiðbeiningar í gegnum ársreikninga
- Styðjast við óhefðbundnar frammistöðumælingar
- Og umfram allt, hafa í huga að segja sögu fyrirtækis

Þó viðleitni félags til að gera reikningsskil sín skilvirkari, leiði ekki endilega til styttri ársreikninga, mun læsileiki þeirra vonandi batna til muna ef fyrirtæki tileinka sér þau atriði sem verður fjallað er um í komandi köflum (EY, 2017).

4.1 Hugað að skýringum

Skýringar í ársreikningum eru yfirleitt stærsti hluti reikningsskila og sá hluti sem lengst hefur hvað mest eins og áður hefur komið fram. Fyrirtæki geta skipulagt uppsetningu skýringa sinna á hátt sem stuðlar að því að reikningsskil verði skiljanleg heild. Er hægt að

skipta upplýsingum skýringa í þrjá flokka: upplýsingar sem eru nýjar, upplýsingar sem taka breytingum árlega og upplýsingar sem haldast óbreyttar milli ára (EY, 2017). Hefur síðasta flokknum verið lýst sem leiðbeinandi skýringum (e. Explanatory information) og býður sá flokkur upp á mikla möguleika til að draga úr ofgnótt upplýsinga. Slíkar upplýsingar væri hægt að hafa í sér viðauka í ársreikningnum og ef reglur IAS myndu leyfa væri hægt að hafa þær utan ársreiknings, til dæmis á vefsíðu fyrirtækis en það er gjarnan venjan við árshlutauppgjör þar sem vísað er í ársreikning félagsins á vefsíðu félagsins til frekari upplýsinga (FRC, 2011).

Stór endurskoðunarfyrirtæki eins og EY hafa gefið út mikið af efni þar sem fjallað er um leiðir sem fyrirtæki geta leitað til að bæta upplýsingagjöf í reikningsskilum sínum. Ein leið sem bent hefur verið á að bæti upplýsingagildi skýringa er að setja mikilvægar skýringar fremst í skýringahlutann. Skýringar er varða þætti sem fyrirtæki telur minna mikilvæga eru þá hafðar aftar. Er þetta leið sem mörg fyrirtæki hafa farið og þá einna helst að færa skýringar á reikningsskilareglum aftast í skýringahluta ársreikninga sinna. Fyrirtækjum er þó bent á að mikilvægt sé að hafa í huga að samræmi sé á milli reikningstímabila, það hjálpi lesendum að leita að þeim upplýsingum sem þeir hafa áhuga á að finna.

Einnig hefur verið bent á aðrar leiðir til þess að endurraða skýringum. Ein leið er að flokka skýringar í kafla eftir eðli. Þannig er hver kafli tileinkaður ákveðinni tegund upplýsinga. Dæmi um kafla væru skýringar varðandi fastafjármuni, skýringar varðandi áhættu, varðandi tekjur og gjöld, varðandi starfsmenn og þess háttar. Þessar tvær leiðir er hægt að styðjast við samtímis. Þannig er hægt að flokka skýringar í kafla eftir eðli og síðan er upplýsingum innan hvers kafla raðað eftir mikilvægi. Bent hefur verið á að gott sé að hafa kynningu á efni kaflans fremst í hverjum kafla (Ey, 2014(a)).

Eins og áður hefur komið fram, þurfa fyrirtæki að segja frá þeim reikningsskilareglum sem þau fylgja við gerð reikningsskila sinna. Lengi vel hefur venjan verið sú að hafa þá frásögn fremst í skýringum og þar eru þær í þeirri röð sem atriði sem reglurnar eiga við birtast í fjárhagsreikningum. Velt hefur verið upp möguleikum um hvernig hægt sé að raða skýringum á reikningsskilareglum til þess að bæta upplýsingagjöf ársreikninga. Hefur verið bent á að raða megi skýringum á reikningsskilareglum í röð eftir mikilvægi eða staðsetja þær aftast í skýringahluta reikningsskila. Önnur leið sem fyrirtæki hafa

farið til þess að bæta upplýsingagjöf er að raða skýringum í kafla eftir umfjöllunarefni og þá eru skýringar á tilteknum reikningsskilareglum hafðar innan þess kafla þar sem það efni sem þær fjalla um, kemur fram. Þegar fyrirtæki segja frá reikningsskilareglum sem þau nota er mikilvægt að segja frá því hvernig reglurnar eru notaðar hjá fyrirtækinu (EY, 2017).

Til þess að bæta upplýsingagjöf og draga úr ofgnótt upplýsinga er góð leið fyrir fyrirtæki að fara árlega yfir skýringar sínar og meta hvaða skýringar eru úreltar í núverandi viðskiptaaðstæðum félags. Skýringar sem mikilvægar voru á fyrri reikningstímabilum geta verið úreltar og þar með ekki þörf á að hafa með í reikningsskilum félags á seinni tímabilum (EY, 2014a). Þá er félögum bent á að ef þau ákveði að sleppa tilteknum atriðum sé mikilvægt að skjalfesta það og af hverju ákveðið var að sleppa þeim atriðum. Þetta er ráðlagt ef ske kynni eftirlitsaðilar myndu gera athugasemd við breytinguna. Er höfundum bent á að huga að því hvort upplýsingar séu þannig fram settar að þær birtist lesendum á þann veg að áherslan á þær sé í samræmi við hversu mikilvægar tilteknar upplýsingar eru (EY, 2017).

4.2 Skipulag ársreikninga

Þegar fyrirtæki eru með gott skipulag á reikningsskilum sínum leiðir það til þess að auðveldara verður fyrir lesendum að finna þær upplýsingar sem þeir leita. Með betra aðgengi að upplýsingum sem fjárfestar leita að eykst um leið skilvirkni reikningsskila. Til að leiðbeina lesendum við lestur reikningsskila sinna geta höfundar þeirra notað ýmis tól og tæki sem bent hefur verið á að reynst hafi vel. Dæmi um slíkt er að hafa efnisyfirlit, bæði fremst í ársreikningi og fremst í hverjum kafla.

Eins og áður segir er mikilvægt að fyrirtæki myndi sér stefnu við framsetningu reikningsskila sinna. Gott er að skilgreint sé hverjir meginnotendur reikningsskila þeirra eru og hvert markmið reikningsskilanna er. Þegar stjórnendur hafa skilgreint hverjir megin notendur eru, geta þeir hugað að hvaða upplýsingum þeir leita helst að (Hughes og Fisher). Stjórnendur verða að ákveða hver tónn reikningsskilanna á að vera og hvaða lærdóm hægt sé að draga af ársreikningum fyrri ára (FRC, 2011).

Tækni getur auðveldað fyrirtækjum að bæta aðgengi að upplýsingum í ársreikningum sínum. (EY, 2017). Snið ársreikninga skiptir máli til þess að lesendum skilji vel þær

upplýsingar sem fyrirtæki eru að setja fram í ársreikningum sínum. Gott getur verið fyrir fyrirtæki að gera úrbætur á sniði ársreikninga sinna svo þeir sýni betur tengingu milli upplýsinga (EY, 2014, júlí). Þannig sjáist betur fjárhagsleg staða og gagnsæi sé meira. Fyrirtæki getur sjálft breytt sniði ársreikninga svo það sjáist betur í skóginn fyrir trjánum, þó það stytti þá ekki. Nútíminn býður upp á tæknimöguleika sem fyrirtæki geta nýtt sér til þess bæta útlit og uppsetningu reikningsskila sinna, sem annars væru ekki fyrir hendi.

Rannsóknir sýna að fleiri fjárfestar kjósa að hafa ársreikninga með PDF sniðmáti frekar en á annars konar stafrænu formi. Hafa þeir þannig góðan skilning á sniðmátinu og treysta því að þeir taki ekki breytingum eftir útgáfu, á meðan HTML gæti tekið breytingum. Ársreikninga með PDF sniðmáti er hægt að hala niður á tölvu og bjóða upp á leitarmöguleika innan skjalsins (FRC, 2015).

Með tilkomu rafrænna ársreikninga geta fyrirtæki bætt við rafrænum hlekk, þannig að við það að smella á tiltekinn lið efnisyfirlits færist lesandinn á þann stað. Í könnun KPMG meðal stjórnenda fjármálafyrirtækja var meirihluti þátttakenda sammála um að góð leið til að draga úr endurtekningu innan ársreikninga væri með svokallaðri millivísun (e. Cross-referencing), sem er hlekkur sem smella má á og vísar lesenda á aðra staði í reikningsskilunum með nánari umfjöllun um tiltekið mállefni (KPMG, 2011). Getur hlekkurinn jafnvel vísað á upplýsingar sem staðsettar eru utan ársreikningsins, svo sem skýrslu stjórnar eða á heimasíðu fyrirtækis. Heimilt er skv. IAS 7 að upplýsa um sum atriði utan ársreikningsins ef millivísun er höfð í þann stað, upplýsingarnar þurfa þá að vera til staðar á samta tíma og ársreikningurinn og aðgengilegar á sama stað. Dæmi um upplýsingar sem leyft er að hafa utan ársreiknings eru skýringar á eðli og umfangi áhættu vegna hvers konar skulda - og verðbréfa (e. Financial instruments). Hefur verið bent á að með millivísunum sé hægt að draga verulega úr endurtekningum upplýsinga í reikningsskilum (Chartered accountants, 2015) .

Í skýrslu KPMG sem nefnd er fyrr í kaflanum er bent á að með myndrænni framsetningu tölulegra gagna sé unnt að gera fyrirtækjum kleift að koma mikilvægum upplýsingum á framfæri á skilvirknan máta. Töluleg gögn er þannig hægt að setja fram á skýrari og styttri hátt, með kökuritum, gröfum eða töflum. Með því að styðjast við myndræna framsetningu verður ársreikningur meira eins og kynning á efni félags fyrir fjárfesta, sem gjarnan er höfð í aðskildu skjali á heimasíðu félaga. Þó er félögum bent á

að forðast það að endurtaka það efni sem taflan inniheldur skriflega, heldur að útskýra og styðja við þær upplýsingar sem fram koma á myndunum (EY, 2014, október).

Ársreikningar þar sem texti er skrifaður á einfölu máli er skiljanlegri. Einfalt mál er beinskeytt og auðvelt aflestrar. Þannig ættu höfundar að reyna að forðast notkun á flóknu máli til þess að ná til sem breiðasts hóps lesenda. Hafa fyrirtæki gripið til þess ráðs að hafa ramma til hliðar við flóknar upplýsingar þar sem upplýsingarnar eru útskýrðar á einföldu máli (Hughes og Fisher, 2015).

4.3 Notkun óhefðbundinna frammistöðumælinga

Óhefðbundnar frammistöðumælingar (e. Alternative performance measures, APMS), hér eftir ÓHF, eru fjárhagslegir mælikvarðar sem stjórnendur fyrirtækja styðjast gjarnan við til að sýna fjárhagslega stöðu fyrirtækis en eru ekki innan þeirra reikningskilareglna sem reikningskil eru samin eftir. Slíkar mælingar eru yfirleitt leiddar af upplýsingum sem fram koma í reikningskilum og reiknaðar eru í samræmi við reikningskilastaðla. Dæmi um slíkar frammistöðumælingar eru til dæmis hagnaður að frádregnum óvenjulegum, tilfallandi kostnaði (e. Earnings before one time charges) og hagnaður fyrir vexti, skatt, afföll og afskriftir (e. Earnings before interest, taxes, depreciation and amortisation, EBITDA). Hefur verið bent á að slíkar mælieiningar séu oft nytsamlegar fyrir fjárfesta til að spá fyrir um framtíðarhagnað fyrirtækja.

Notkun óhefðbundinna frammistöðumælikvarða er dæmi um leið sem mörg fyrirtæki hafa farið til að brúa bilið á milli fjárfesta og fyrirtækis. Eru mælieiningarnar oft hafðar í skýrslu stjórnar og hefur verið bent á að með þannig framsetningu tengist þær upplýsingar sem þar koma fram og upplýsingar sem fram koma í öðrum hlutum reikningskilanna betur (Chartered accountants, 2015). Notkun slíkra mælinga stýttir ekki ársreikninga en bent hefur verið á að slíkar mælingar geti hjálpað fyrirtækjum að koma skilaboðum sínum á framfæri á skilvirkari máta. (EY, 2014, júlí). Þó hefur einnig verið bent á að notkun slíkra mælinga samhliða IFRS upplýsingum geti orðið þess valdandi að upplýsingavandinn vaxi.

Hafa höfundar reikningsskila í auknum mæli haft ÓHF innan fjárhagsskýrslna reikningsskila sinna. Til dæmis er algengt að hafa EBITDA frammistöðumælingu innan rekstrarreiknings. Sú mæling er ekki krafa samkvæmt Alþjóðlegu

reikningsskilastöðlunum og telst hún því til ÓHF. Er mælieiningin gjarnan höfð neðst í reikningnum eða til hliðar sem stuðningsefni við þær upplýsingar sem þar koma fram.

Höfundar reikningsskila hafa sumir sér dálk innan rekstrarreiknings þar sem tilfallandi kostnaður er talinn fram. Tilfallandi kostnaður er sá kostnaður sem að mati stjórnenda kemur aðeins til með að falla til einu sinni. Dæmi um slíkan kostnað er viðgerðarkostnaður og kostnaður við endurbætur á húsnæði. Deilt er um nytsemi þess að hafa ÓHF innan fjárhagsreikninga fyrirtækja. Vilja sumir meina að það minnki samanburðarhæfi milli fyrirtækja og auki upplýsingavandann. Einnig hefur verið bent á að sum fyrirtæki hafi slíkar mælingar áberandi innan fjárskýrslna sinna til þess að draga athygli frá öðru sem ekki er til góðs fyrir fyrirtækið.

Hefur verið bent á að góð leið til þess að bæta upplýsingagjöf reikningsskila sé að hafa ÓHF í öðrum hlutum reikningsskila. Gott sé að staðsetja slíkar mælingar ásamt nánari umfjöllun um þær innan skýrslu stjórnar. Þannig geti stjórnendur nýtt sér mælingarnar til þess að tengja þær upplýsingar sem þar koma fram við það sem fram kemur í hinum eiginlega ársreikningi fyrirtækis. Veiti þetta fjárfestum innsýn inn í gengi fyrirtækis og skoðun stjórnar og þannig geti fjárfestir betur spáð fyrir um raunverulega stöðu fyrirtækis.

Óhefðbundnar frammistöðumælingar geta leitt til þess að upplýsingagjöf reikningsskila verði skilvirkari. Til þess að sú sé raunin er mikilvægt að þær séu vel fram settar, gagnsæar og þær upplýsingar sem þar eru settar fram réttar og samanburðarhæfar (EY, 2017).

4.4 Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga tóku gildi frá og með 1. janúar 2016. Felur breytingin í sér innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2013/34/ESB. Meðal þess sem í breytingunum fólst voru auknar kröfur um upplýsingagjöf varðandi ófjárhagslegar upplýsingar. Krafa um ófjárhagslega upplýsingagjöf nær til félaga tengdum almannahagsmunum (e. Public Interest Entity), stórra félaga sem uppfylla d-lið. 11. tölulið 2. gr laga um ársreikninga og móðurfélög stórra samstæðna. Evróputilskipunin er sú stærsta sem sett hefur verið fram varðandi upplýsingagjöf um

umhverfis, félagslega og stjórnarhætti félaga (e. Environmental, social and Governance eða ESG). D-liður 66. gr laga um ársreikninga er svohljóðandi:

Félag sem fellur undir 9. tölul. og d-lið 11. tölul. 2. gr. og móðurfélög stórra samstæðna skulu láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið skal enn fremur innihalda eftirfarandi:

- a. stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins,
- b. lýsingu á stefnu félagsins í tengslum við mál samkvæmt þessari grein, ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleikakönnunarferli félagið framfylgir,
- c. yfirlit yfir árangur af stefnu félagsins í málum samkvæmt þessari grein,
- d. lýsingu á megináhættum sem tengjast þessum málum í rekstri félagsins, þ.m.t., eftir því sem við á og í réttu hlutfalli, um viðskiptatengsl þess, vörur eða þjónustu, sem líkleg eru til að hafa skaðleg áhrif á þessum sviðum, og hvernig félagið tekst á við þá áhættu og
- e. ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Ef félagið hefur ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt þessari grein skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu.

Evrópusamtök endurskoðenda hafa gefið út leiðbeinandi reglur um uppsetningu ófjárhagslegrar upplýsingagjafar fyrirtækja sem Evróputilskipunin nær yfir. Í leiðbeiningunum er stillt upp gervifyrirtæki og höfundum reikningsskila veitt innsýn í fyrirmyndarframsetningu hinna ófjárhagslegu upplýsinga sem tilskipunin fjallar um. Gervifyrirtækið sem starfar í matvælaíðnaði og er samkvæmt því sem fram kemur í bæklingnum því tilvalið dæmi.

Segir í bæklingnum að ófjárhagsleg upplýsingagjöf skuli vera í skýrslu stjórnar innan ársskýrslu, svo lengi sem upplýsingar teljast varða mikilvæga þætti starfseminnar. Bæklingurinn er miðaður við tilskipunina eins og hún var gefin út af Evrópusambandinu. Höfundum er bent á að kynna sér hvernig kröfur þeirra lands eru við gerð og framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga. Hér á eftir kemur stutt umfjöllun um efni bæklingssins.

Í bæklingnum er bent á að gott sé að byrja á að segja frá viðskiptalíkani fyrirtækis, þ.e. hvernig fyrirtækið aflar tekna og hver tilgangur þess er. Gott er að segja frá því sem aðgreinir fyrirtækið frá öðrum svipuðum fyrirtækjum. Best er að fyrirtæki segi frá viðskiptalíkani sínu í upphafi frásagnar á ófjárhagslegum upplýsingum. Þannig veitir það dýpri skilning á þeim þáttum sem á eftir koma. Mikilvægt er að virðisdeðja fyrirtækis sé

skilgreind og áhrif fyrirtækis innan virðisreðjunnar. Mögulegt er að viðskiptalíkan fyrirtækis sé margþætt og þá skal sagt frá því og hvernig þau tengjast innbyrðis.

Samkvæmt tilskipuninni skulu fyrirtæki tilgreina hvaða þættir er varða umhverfis-, félags- og stjórnarhætti geta talist mikilvægir hjá fyrirtækinu miðað við eðli starfsemi þess. Samkvæmt bæklingnum er mikilvægt að fyrirtæki skilgreini hvar mikilvægismörk þess liggja varðandi þessi málefni og rökstyðja hvernig þau voru valin. Umhverfisáhrif fyrirtækis, bæði í nútíð og í náinni framtíð, skulu tilgreind. Sagt skal frá umhverfisáhrifum frá starfsemi sem og áhrifum starfsemi á heilsu og öryggi starfsmanna. Fyrirtæki skulu samkvæmt tilskipuninni segja frá hvers konar orkugjafa þau nota við starfsemi sína, þá sérstaklega hve stór hluti orku teljist endurnýtanleg orka. Einnig skulu þau tilgreina gróðurhúsaáhrif sem starfsemi hefur og mengun sem frá henni kann að stafa. Í bæklingnum er fyrirtækjum bent á að greina ekki aðeins frá núverandi stöðu í umhverfismálum heldur skuli einnig segja frá framtíðarsýn fyrirtækis í umhverfismálum. Það sé gott fyrir ímynd fyrirtækis að hafa vel skilgreinda stefnu í umhverfismálum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf fyrirtækja sem tilskipunin nær yfir skal meðal annars innihalda umfjöllun um stöðu fyrirtækis í starfsmannamálefnum, eins og kynjahlutfalli, stefnu varðandi stéttarfélög og vinnuaðstæður starfsmanna. Þá skal tekið fram hvernig starfsemi fyrirtækis hefur áhrif á samfélagið á því svæði sem það starfar og hvernig áhrif það kemur til með að hafa á þróun þess. Í bæklingnum er fyrirtækjum ráðlagt að segja frá starfsmannastefnu fyrirtækisins. Einnig hvort bresti sé að finna í stefnu þess í þeim málum.

Fyrirtækjum er bent á að setja upp kerfi til að halda utan um árangur við að framfylgja stefnu í málefnum starfsmanna. Tilgreina skal hvernig fyrirtækið vill gera betur og þær leiðir sem það ætlar að fara til að ná því. Gott er að segja frá þjálfun starfsmanna og þeim mannauði sem fyrirtækið býr yfir. Fyrirtækið skal einnig upplýsa um hvernig það kemur í veg fyrir brot á mannréttindum og jafnlaunastefnu þess (Federation of European Accountants (FEE), 2016).

5 Ársreikningar íslenskra fyrirtækja

Til þess að tengja umfjöllunarefni ritgerðinnar við íslenskan veruleika gerði höfundur óvísindalega rannsókn á reikningsskilum nokkurra íslenskra fyrirtækja sem semja reikningsskil sín í samræmi við IFRS staðlana. Voru reikningsskil þeirra borin saman milli tímabila og milli fyrirtækja. Veitti höfundur lengd og uppsetningu ársreikninganna sérstaka athygli, með þau atriði í huga sem fjallað er um í fyrri köflum hluta ritgerðarinnar. Gagnanna var aflað af vefsíðum fyrirtækjanna og þau sett fram á töfluformi í viðeigandi kafla ásamt greiningu höfundar á þeim.

Skoðaðir voru ársreikningar íslenskra banka vegna ársins 2016 og þeir bornir saman við eldri útgæfna ársreikninga. Þegar þessir ársreikningar voru skoðaðir var það eins og áður segir gert með þau atriði í huga sem farið hefur verið yfir í ritgerðinni. Íslandsbanki og Arion banki eru þeir bankar sem skoðaðir voru. Einnig voru skoðaðir ársreikningar Eimskipafélags Íslands. hf fyrir árin 2009 og 2016. Skoðuð var sérstaklega breyting á lengd ársreikningana milli ára ásamt uppsetningu skýringa og sniðmáti á skýrslu stjórnar.

Tafla 1. Reikningsskil Íslandsbanka árin 2009 og 2016

<i>Blaðsíðufjöldi</i>	2008	2016	%breyting
Ársskýrsla	94	166	77%
Skýrsla stjórnar	43	73	70%
Ársreikningur	48	93	94%
Fjárhagsskýrslur	5	6	20%
Skýringar	41	77	88%
Áhættuskýringar	9	22	144%

Íslandsbanki er einn hinna þriggja stóru banka á Íslandi. Bankinn er nú í fullri eigu íslenska ríkisins. Við gerð þessarar ritgerðar voru skoðuð reikningsskil Íslandsbanka vegna áráanna 2016 og 2009. Á heimasíðu bankans má finna þrjú skjöl með fjárhagslegum upplýsingum varðandi rekstur bankans vegna ársins 2016. Eitt skjalið er ársskýrsla. Hún er á ensku og inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikningsskjalið. Næst er svo ársreikningur bankans á íslensku en þar er ekki skýrsla stjórnar, heldur aðeins hinir eiginlegu fjárhagsreikningar og skýringar við þá. Þriðja skjalið er

áhættuskýrsla bankans og er sú skýrsla á ensku. Reikningsskil bankans vegna ársins 2009 eru í einu skjali og er það skjal á ensku.

Eins og sést á töflu 1 hér að framan hafa allir hlutar reikningsskila bankans lengst milli þeirra ára sem skoðuð voru. Lengd skýrslu stjórnar (e. Management Discussion and Analysis) hefur aukist úr 43 blaðsíðum í 73, eða um 70%. Tók höfundur eftir því að bankinn setur bæði árin tölulegar upplýsingar fram með myndrænum hætti í skýrslu stjórnar. Í skýrslunni vegna ársins 2016 var, að mati höfundar, meira notuð myndræn framsetning ýmissa upplýsinga, jafnt fjárhagslegra sem ófjárhagslegra, sem stjórn bankans vill koma til skila til lesenda. Við lestur ársskýrslna bankans tók höfundur ritgerðar eftir því að bæði árin sem skoðuð voru var stefnu bankans í umhverfis, félagslegum- og stjórnarháttum gerð vel skil í skýrslu stjórnar.

Sá kafli ársskýrslanna sem inniheldur skýringar hefur lengst um 24 blaðsíður eða sem nemur 49% hækkun milli skoðunartímabila. Er þá hækkun að einhverju leyti að rekja til lengingar þess hluta sem tileinkaður er skýringum á áhættustýringu bankans. Hefur sá hluti skýringa lengst úr því að vera 9 blaðsíður í að vera 22 blaðsíður, sem nemur 144% lengingu á kaflanum. Gaf stjórn bankans einnig út sér skjal þar sem farið var yfir áhættustýringu bankans vegna ársins 2016 og var það skjal 66 blaðsíður að lengd. Við lauslega skoðun á skjalinu um áhættustýringu bankans tók höfundur eftir að einhver skörun er á milli þeirra upplýsinga sem fram koma í skjalinu og þeim upplýsinum sem fram koma í ársskýrslu bankans. Framsetning á skýringum bankans hélst að mestu leyti í sömu röð og sniðmáti milli ára. Eina breytingin sem gerð hafði verið á uppsetningu skýringa er sú að árið 2016 höfðu skýringar á reikningsskilareglum verið færðar aftast í skýringakaflann. Árið 2009 voru skýringar á reikningsskilareglum hafðar fremst í skýringakaflanum.

Öll reikningsskil bankans eru gefin út á PDF formi. Ekki er stuðst við millivísanir eða hlekki í neinum af þeim skjölum sem bankinn hefur sett fram á PDF formi. Skýringum bankans er skipt í kafla eftir því um hvað skýringarnar fjalla. Er hagnaður á hlut hafður með í rekstrarreikningi bankans og er í skýringu við þann lið höfð samanburðartala við árið 2015. Þó er ekki skýrt sérstaklega frá því hvers vegna slík mæling er notuð.

Tafla 2. Reikningsskil Arion banka (áður Kaupþing) vegna 2008 og 2016

Blaðsíðufjöldi	2008	2016	%Breyting
Ársreikningur	59	99	68%
Ávarp stjórnar og endurskoðanda	3	9	200%
Skýringar	41	77	88%
Fjárhagsskýrslur	5	4	-20%
Áhættuskýringar	17	22	29%

Arion banki. hf, áður Kaupþing. hf, er annar af þrem stærstu bönkum á Íslandi. Kaupskil. ehf, dótturfélag Kaupþings, er stærsti hluthafi í Arion banka en Kaupskil fer með 57,9% eignarhlut í bankanum. Næst stærsti hluthafi bankans er svo íslenska ríkið sem á 13% eignarhlut í Arion banka. Við gerð þessarar ritgerðar voru skoðaðir ársreikningar bankans vegna ársins 2008 og ársins 2016. Ársreikningur bankans vegna ársins 2008 var, eins og fram kemur í töflu 2 hér að framan, 59 blaðsíður að lengd. Ársreikningur bankans vegna ársins 2016 var síðan 99 blaðsíður að lengd. Skýringar við fjárhagsskýrslur bankans lengdust um 36 blaðsíður, aðrir hlutar ársreikningsins lengdust minna eða ekkert. Líkt og í ársreikningi Íslandsbanka hafa skýringar varðandi reikningsskilareglur verið færðar aftast í skýringahluta Arion banka.

Vakti það athygli höfundar að skýrslu stjórnar bankans er að finna á stafrænu formi á heimasíðu hans. Skýrslu stjórnar er ekki hægt að nálgast á PDF formi, líkt og ársskýrslu Íslandsbanka. Skýrslu stjórnar er þar að finna ásamt stjórnarháttum og áhættuskýrslu. Þótti höfundi skýrslan vera sett fram á full flókinn máta. Þar voru margir gluggar og ekki sett fram eins og skýrsla.

Tafla 3. Ársreikningur Eimskipafélags Íslands vegna 2009 og 2016

Blaðsíðufjöldi	2009	2016	%Breyting
Ársreikningur	37	43	16%
Ávarp Stjórnar og Endurskoðanda	2	5	150%
Fjárhagsskýrslur	5	5	0%
Skýringar	19	22	16%
Reikningsskilareglur-skýringar	7	6	-14%
Stjórnarháttayfirlýsing	0	7	x

Eimskipafélag Íslands. hf eða Eimskip eins og það er yfirleitt kallað er flutningafyrirtæki sem sérhæfir sig í fraktflutningum milli hafna í Norður-Atlantshafinu. Eins og sést í töflu 3 hefur ársreikningur Eimskipa ekki lengst mikið á milli ára. Skýringar á reikningsskilareglum voru árið 2009 hafðar fremst í skýringahluta ársreikningsins en árið 2016 voru þær skýringar hafðar aftast. Skýringar á reikningsskilareglum höfðu styst um eina blaðsíðu. Metur höfundur svo að félagið sé þannig að sýna viðleitni í að bæta upplýsingagjöf reikningsskila sinna. Félagið hefur fyrir árið 2016 uppfyllt kröfurnar um ófjárhagslegar upplýsingar sem bætt var við lög um ársreikninga frá og með 1. janúar 2016. Eru þær upplýsingar hafðar aftast í ársreikningnum.

Meðal ófjárhagslegra upplýsinga sem fram koma í ársreikningi Eimskipa er umfjöllun um umhverfisstefnu félagsins. Segir þar að félagið stefni á að minnka úrgang sem kemur frá starfsemi þess. Segir einnig að félagið leggi áherslu á að mannrétti starfsmanna séu virt og vinnuaðstæður séu með besta móti. Stefna þess sé að starfsmenn eigi möguleika á að samræma vinnu og einkalíf. Stefnir félagið á að gefa út formlega stefnu í umhverfis, félagslegum-og mannréttindamálum árið 2017.

Ársreikningur Eimskipa er gefinn út á PDF sniðmáti. Ekki er stuðst við millivísanir eða myndræna framsetningu tölulegra gagna nema að takmörkuðu leyti. Skýrsla stjórnar Eimskipa fyrir árið 2016 er gefin út á stafrænu formi. Hana er hægt að skoða á heimasíðu félagsins, en er hún sett fram svipuð og sem um PDF skjal væri að ræða. Er það huglægt mat höfundar að skýrsla stjórnar Eimskipa sé auðlæsilegri en skýrsla stjórnar Arion Banka sem er líkt og skýrsla stjórnar Eimskipa, á stafrænu formi á heimasíðu bankans.

6 Lokaorð

Eins og fram kom í innganginum var markmið ritgerðar þessarar að fjalla um ofgnótt upplýsinga í reikningsskilum og skoða leiðir til úrbóta. Eftir athugun á miklu af fræðilegu efni varðandi málefnið er það ljóst að hagsmunaaðilar eru á einu máli um að upplýsingagjöf í reikningsskilum sé verulega ábótavant. Sýna rannsóknir svart á hvítu að lengd ársreikninga hefur aukist mikið á undanförunum áratugum og með áframhaldandi þróun verða reikningsskil svo löng að ekki verður á færi neins að komast í gegnum reikningsskil fyrirtækja. Niðurstaða fræðimanna er sú að vandann megi rekja til samverkandi hegðunartengdra þátta. Með flóknara viðskiptaumhverfi er bætt við fleiri stöðlum, hinir nýju staðlar eru gjarnan flóknir svo ekki er á allra færi að skilja. Annar stór áhrifavaldur er að vandamál við túlkun á mikilvægisreglunni leiða til þess að hugarfarið „meira er betra en minna“ hefur verið ríkjandi hjá höfundum reikningsskila. Saman veldur þetta vélrænni framsetningu reikningsskila án skýrrar stefnu og leiðir til þess að skógurinn sést ekki fyrir trjánnum.

Í þriðja kafla er rætt um verkefni Alþjóðlega reikningsskilaráðsins í viðleitni þess til að stemma stigu við upplýsingavandanum. Sá hluti reikningsskila sem lengst hefur hvað mest eru skýringar og vinnur ráðið að margbættu verkefni til að hjálpa stjórnendum við gerð skýringa. Ljóst er að mikilvægisreglan er stór hluti af verkefninu, en nú þegar hefur verið bætt við í IAS 1 að fyrirtæki skuli ekki telja fram léttvægar upplýsingar á kostnað mikilvægari upplýsinga. Einnig er verið að gefa út leiðbeiningar um setningu mikilvægismarka og verið að skoða hvort og hvernig bæta megi skilgreiningu á mikilvægi innan staðlanna. Ráðið skoðar einnig hvort gera skuli róttækar breytingar á stöðlunum í heild sinni. Er það ljóst að ráðið á mikið verkefni er fyrir höndum, en langan tíma tekur að gera breytingar á stöðlunum enda hafa allar breytingar áhrif á gífurlegt magn fyrirtækja. Erfitt er að gera breytingar sem henta svo breiðum hópi hagsmunaaðila og krefst það mikillar vinnu.

Pó langan tíma taki að breyta reikningsskilareglum er það ljóst að fyrirtæki geta gripið til ýmissa aðgerða til þess að bæta gæði reikningsskila sinna. Eins og fram kemur í fjórða kafla ritgerðarinnar er mikilvægt fyrir höfunda reikningsskila að vita hver megin lesandi reikningsskila þess er. Er það fyrirtæki fyrir bestu að semja reikningsskil sín með lesendum í huga. Er það skoðun höfundar að best uppsetning skýringa sé að flokka

skýringar í kafla eftir umfjöllunarefni og segja frá reikningsskilareglum, sem notaðar eru fyrir tiltekinn kafla, innan kaflans. Skýringar eru skilvirkar ef notað er einfalt og skýrt mál. Einnig er gott að hafa töluleg gögn sett fram myndrænt. Einnig telur höfundur að millivísanir geti bætt skilvirkni svo lesendur geti auðveldlega nálgast þær upplýsingar sem þeir leita að. ÓHF eru gott verkfæri til að koma upplýsingum til lesenda ef þær eru settar fram með sannarlegum og skipulegum hætti. Er einkum gott að hafa þær innan skýrslu stjórnar til að tengja saman það sem þar kemur fram við aðra hluta ársreikningsins.

Við athugun á íslenskum ársreikningum kom í ljós að lengdaraukning var sérstaklega mikil hjá bönkunum sem skoðaðir voru. Einu umbæturnar sem höfundur tók eftir voru þær að skýringar á reikningsskilareglum höfðu verið færðar aftast í skýringahluta ársreikningana. Eimskipafélagið hafði einnig gert þá breytingu að færa skýringar á reikningsskilareglum aftast í skýringahluta ársreiknings síns fyrir árið 2016. Ársreikningar beggja bankanna voru í kringum 100 blaðsíður. Það er nokkuð ljóst að langan tíma tæki að greina þær fjárhagslegu upplýsingar sem í þeim koma fram.

Niðurstaðan er sú að mikilvægt er að fyrirtæki myndi sér stefnu við gerð reikningsskila. Ekkert endilega með því megin markmiði að draga úr lengd reikningsskila, frekar að bæta gæði þeirra upplýsinga sem koma fram í þeim. Þegar valin eru mikilvægismörk sem fylgja skal krefst það mikillar dómgreindar og faglegs mats. Allir þeir sem koma að reikningsskilum þurfa að vinna að úrbótum: þeir sem semja reikningsskilareglurnar, þeir sem gera ársreikninga byggða á þeim, eftirlitsaðilar, endurskoðendur og stjórnendur.

Með skýrum upplýsingum í ársreikningum verður betra að greina fjárhagslega stöðu fyrirtækja. Ef fjárfestar geta betur greint fjárhagslegar upplýsingar fyrirtækja ætti það að leiða til betri efnahagslegri ákvarðana, sem þannig ætti stuðla að skilvirkari fjármálamarkaði.

Heimildaskrá

- Chartered Accountants, New Zealand. (2015, maí). Noise, numbers and cut-through. Sótt 15. ágúst 2017 af http://event.lvl3.on24.com/event/12/87/42/6/rt/1/documents/resourceList1479485814008/041546_futureincnoisenumbers.pdf?dummy=dummyBody
- Deloitte. (2015) IFRS in your pocket. Sótt 15. ágúst 2017 af <https://www2.deloitte.com/is/is/pages/audit/articles/IFRS-in-your-pocket-2015.html>
- EY. (2014, júlí). Applying IFRS: improving disclosure effectiveness. Sótt 20. júní 2017 af [http://www.ey.com/Publication/vwLUAssets/Applying_IFRS:_Improving_disclosure_effectiveness/\\$FILE/Applying-DisclEffectiveness-July%202014.pdf](http://www.ey.com/Publication/vwLUAssets/Applying_IFRS:_Improving_disclosure_effectiveness/$FILE/Applying-DisclEffectiveness-July%202014.pdf)
- EY. (2014, október). Disclosure effectiveness: what companies can do now. Sótt 20. júní 2017 af [http://www.ey.com/Publication/vwLUAssets/EY-disclosure-effectiveness-what-companies-can-do-now/\\$FILE/EY-disclosure-effectiveness-what-companies-can-do-now.pdf](http://www.ey.com/Publication/vwLUAssets/EY-disclosure-effectiveness-what-companies-can-do-now/$FILE/EY-disclosure-effectiveness-what-companies-can-do-now.pdf)
- EY. (2015). Disclosure effectiveness: companies embrace the call to action. Sótt 4. september 2017 af [http://www.ey.com/Publication/vwLUAssets/EY-disclosure-effectiveness-report/\\$FILE/EY-disclosure-effectiveness-report.pdf](http://www.ey.com/Publication/vwLUAssets/EY-disclosure-effectiveness-report/$FILE/EY-disclosure-effectiveness-report.pdf)
- EY. (2017, febrúar). Applying IFRS: enhancing communication effectiveness. Sótt 20. júní 2017 af [http://www.ey.com/Publication/vwLUAssets/ey-apply-pd-february-2017/\\$FILE/ey-apply-pd-february-2017.pdf](http://www.ey.com/Publication/vwLUAssets/ey-apply-pd-february-2017/$FILE/ey-apply-pd-february-2017.pdf)
- FASB. (e.d.) What you need to know about disclosure framework. Sótt 20. ágúst 2017 af <http://www.fasb.org/jsp/FASB/Page/SectionPage&cid=1176164203721>
- FASB. (2013, október). Q&A FASB's disclosure framework project. Sótt 1. september 2017 af http://www.fasb.org/cs/ContentServer?c=Document_C&pagename=FASB%2FDocument_C%2FDocumentPage&cid=1176163501430
- Federation of European Accountants. (2016, nóvember). Disclose what truly matters. Sótt 15. ágúst 2017 af https://www.accountancyeurope.eu/wp-content/uploads/161128_Disclose_what_truly_matters_spread.pdf
- Groves, R. J. (1994, maí/júní). Financial disclosure: when more is not better. Financial Executive. Sótt 1. júlí 2017 af <https://search.proquest.com/docview/208907599?accountid=135943>
- Hughes, J. og Fisher, A. (2015, apríl). Five steps to simplifying financial statements – today. Chartered Professional Accountants Canada. Sótt 10. ágúst 2017 af <https://www.cpacanada.ca/en/business-and-accounting-resources/financial-and-non-financial-reporting/international-financial-reporting-standards-ifs/publications/steps-to-simplifying-financial-statements-today>

- IAS plus. (e.d.) IAS 1 – presentation of financial statements. Sótt 20. ágúst 2017 af <https://www.iasplus.com/en/standards/ias/ias1>
- IFRS. (e.d.(a)). Definition of materiality – about. Sótt 5. ágúst 2017 af <http://www.ifrs.org/projects/work-plan/definition-of-material/#about>
- IFRS. (e.d.(b)). Primary financial statements – about. Sótt 25. ágúst 2017 af <http://www.ifrs.org/projects/work-plan/primary-financial-statements/> - about
- IFRS. (e.d.(c)) How we set standards . Sótt 1. júlí 2017 af <http://www.ifrs.org/about-us/how-we-set-standards/>
- IFRS. (e.d.(d)) Taxonomy. Sótt 2. sept 2017 af <http://www.ifrs.org/issued-standards/ifrs-taxonomy/>
- IFRS. (2015, október). IFRS practice statement: application of materiality to financial statements. Sótt 20. júlí 2017 af <http://www.ifrs.org/-/media/project/disclosure-initiative/disclosure-initiative-materiality-practice-statement/snapshot-practice-statement.pdf>
- IFRS. (2016, janúar). Disclosure initiative – amendments to IAS 7. Sótt 15. ágúst af http://archive.ifrs.org/Current-Projects/IASB-Projects/Debt-disclosures/Documents/Disclosure-Initiative_Amendments-to-IAS-7.pdf
- IFRS. (2017, Mars). Disclosure initiative – principles of disclosure. Sótt 5. ágúst 2017 af <http://www.ifrs.org/-/media/project/disclosure-initiative/disclosure-initiative-principles-of-disclosure/discussion-paper/published-documents/discussion-paper-disclosure-initiative-principles-of-disclosure.pdf>
- KPMG. (2011) . Disclosure overload and complexity: hidden in plain sight. Sótt 20. júlí 2017 af <http://qa05.kpmg.us/advisory/financial-reporting/disclosure-overload.html>
- Lög nr. 3/2006. um ársreikninga
- The Financial Reporting Council . (2009). Louder than words. Sótt 12. júlí 2017 af http://frc.org.uk/getattachment/53bf7b4b-0dbb-4586-b85b-b548ef28ca9e/FRC_DiscussionPaper_020609.pdf
- The Financial Reporting Council. (2011). Cutting clutter: combatting clutter in annual reports. Sótt 12. júlí 2017 af <https://www.frc.org.uk/getattachment/4232cbd4-da85-4dae-ac09-29cf246aeda6/Cutting-clutter-report-April-20112.pdf>
- The Financial Reporting Council. (2015, maí). Digital present. Sótt 15. ágúst 2017 af <https://www.frc.org.uk/Our-Work/Publications/Financial-Reporting-Lab/Lab-Project-Report-Digital-Present.pdf>

Ársreikningar - heimildir

Arion Banki. (2009). Kaupþing: consolidated financial statements 2008. Sótt 22. ágúst 2017 af https://www.arionbanki.is/library/Skrar/English/About-the-Bank/Investor-Relations/Financial-information/Financial-Statements/2008/New_Kaupthing_Bank_hf._Consolidated_Financial_Statements_3_1.12.2008.pdf

Arion Banki. (2017). Ársreikningur samstæðu - fyrir árið 2016. Sótt 22. ágúst 2017 af https://www.arionbanki.is/library/Skrar/English/About-the-Bank/Investor-Relations/Financial-information/Financial-Statements/2008/New_Kaupthing_Bank_hf._Consolidated_Financial_Statements_3_1.12.2008.pdf

Arion Banki. (e.d.). Ársskýrsla 2016. Sótt 22. ágúst 2017 af <https://arsskyrsla2016.arionbanki.is/>

Eimskip.hf. (2010). Annual report 2009. Sótt 2. september af <http://eimskip.is/IS/Um-Eimskip/fjarhagsupplýsingar/Arsskyrslur/Eimskip%20Financial%20Statement%202009.pdf>

Eimskip.hf. (2017). Ársskýrsla Eimskipa 2016. Sótt 2. september 2017 af <http://ar2016.eimskip.com/annual-report-2016/>

Eimskip.hf (2017). Consolidated financial statements for the year ended 31 december 2016. Sótt 2. september 2017 af http://ar2016.eimskip.com/media/194786/eimskip-consolidated-financial-statements_2016.pdf

Íslandsbanki. (2010). Annual report 2009. Sótt 20. ágúst 2017 af <http://skjol.islandsbanki.is/servlet/file/store156/item61823/%C3%81rssk%C3%BDrs la%202009%20final.pdf>

Íslandsbanki. (2017). Ársskýrsla 2016. Sótt 20. ágúst 2017 af https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/IR/Afkoma/AR16_ISB_final.pdf

Íslandsbanki. (2017). Ársreikningur 2016. Sótt 20. ágúst 2017 af <https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/IR/Afkoma/ISLANDSBANKI%20ARSREIKNINGUR%202016.pdf>

